


SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Sýningin vegleg í ár
Handverk og hönnun hefst
í Ráðhúsi Reykjavíkur á
fimmtudag. Um 70 hönnuðir og
handverksmenn taka þátt.
allt



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

31. október 2011
254. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Í ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reyningaráttakerðum Cancer Centre í Vík í Mýrabyggð, 2011



Hallgrímur á svið

Konan við 1000° eftir
Hallgrím Helgason verður
sett upp í Þjóðleikhúsinu.

fólk 26

Bók um herra mennsku

Kristinn Árni Hróbjartsson
uppfræðir unga karlmenn.

fólk 26




HK-ingar heitir

HK vann í gær sigur á
Akureyri í N1-deild karla.

sport 20

veðrið í dag



HVASST NV-TIL Norðaustan 10-
18 m/S NV-til og slydda, annars
hægari austlæg átt og úrkomulítið.
Hiti 0-8 stig, mildast syðst.

VEÐUR 4

Þrjár tegundir uppsjávarfisks gætu skilað 75 milljörðum

Norsk-íslensk síld og makrill skila 45 milljörðum í útflutningsverðmæti. Stærsta loðnuvertíð í áraraðir gæti skilað 30 milljörðum til viðbótar. Breyttar áherslur við veiðar og vinnslu makrils skila þjóðarbúinu miklu.

SJÁVARÚTVEGUR Útflutningsverðmæti norsk-íslenskrar síldar og makrils í sumar er um 45 milljarðar króna. Gangi veiðar á loðnu á næstu mánuðum samkvæmt væntingum fer verðmæti þessara þriggja tegunda á nokkrum mánuðum í 75 milljarða króna. Aðrar tegundir uppsjávarfisks færa útflutningsverðmætið vel yfir 80 milljarða króna.

Heildarútflutningstekjur sjávarútvegs í fyrra voru 220 milljarðar króna. Viðmælendur Fréttablaðsins innan útgerðarinnar segja að útflutningsverðmæti uppsjávarfisks hafi verið um þriðjungur af þeirri tölu eða 66 milljarðar. Hlutdeild uppsjávarfisks í

Meira aflaverðmæti bætir hag sjómanna

Rétt eins og útflutningsverðmætið hefur aflaverðmætið hækkað, en það er sala frá skipi í íslenskum krónum. Samantekt Fiskistofu fyrir Fréttablaðið sýnir að aflaverðmæti í makrill hefur hækkað úr 4,5 milljörðum fiskveiðiaríð 2008/2009, þegar veidd voru 118 þúsund tonn, í 14,5 milljarða á nýliðnu fiskveiðiaríð en þá veiddust ríflega 150 þúsund tonn. Þessar tölur eru til marks um bættan hag sjómanna á skipum sem veiða uppsjávarfisk.

útflutningsverðmæti sjávarafurða, sem er áætlað 225 milljarðar í ár, hefur því aukist umtalsvert. Makrillinn breytir myndinni mest.

Nú liggur fyrir að af rúmlega 150 þúsund tonna veiði af makrill í sumar fóru rúmlega 90 prósent til manneldisvinnslu. Á vertíðinni 2010 fóru 40 prósent aflans í bræðslu og

árið 2009 80 prósent. Útflutningsverðmæti makrils er áætlað um 30 milljarðar króna á þessu ári, helmingi hærra en fyrir tveimur árum.

Flotinn snýr sér nú af krafti að loðnuveiðum þar sem síld- og makrillkvótar eru veiddir. Ef væntingar ganga eftir er fyrir höndum stærsta loðnuvertíð í sex ár eða

veiði upp á hálf milljón tonna. Varlega áætlað og miðað við hagstæða samsetningu í bræðslu aflans, frýstingu og hrognavinnslu má reikna með að heildarverðmæti úr sjó verði 25 til 30 milljarðar króna.

Talið er að norsk-íslenska síldin hafi skilað 16 milljörðum í ár í útflutningsverðmæti. Kolmenni var ekki veiddur að ráði í ár en íslenskum skipum verður heimilt að veiða 63 þúsund tonn á árinu 2012. Það er að vonum tveir til þrjár milljarðar.

Beðið er eftir ákvörðun um kvóta í íslenska síldarstofninum en þar var kvótinn 45 þúsund tonn á síðustu vertíð og útflutningsverðmætið metið á um fjóra milljarða. -shá



GRIKK EÐA GOTT

Krakkarnir í 4. MR í Austurbæjarskóla héldu upp á Hrekkjavöku í gær. Hrekkjavaka er hátíðisdagur ættaður úr keltneskri trú og haldin 31. október ár hvert. Mörk heima hinna lifandi og hinna dauðu verða óljós þennan dag og ýmsar óvættir fara þá á kreik eins og sjá mátti á búningum krakkanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Glúrin grunnskólanemi: Tíu ára stúlka framleiðir skó

FÓLK Þótt Erla Guðmundsdóttir sé aðeins tíu ára hefur hún þrjónað og selt barnaskó sem vakið hafa mikla athygli.

„Mér finnst mjög gaman að gera skóna og ekki sérlega erfitt, nema kannski að gera hringina,“ segir Erla, sem fékk upphaflega þá hugmynd að selja skóna til að safna fyrir miða á Frostrósatónleika. Eftirspurnin hefur hins vegar verið svo mikil að hún reiknar með að halda framleiðslunni áfram þótt það hafi safnast fyrir miðanum.

Óhætt er að segja að Erlu falli ekki verk úr hendi, því auk grunnskólanáms og þrjónamennsku æfir hún söng og körfubolta.

- jma / Allt í miðju blaðsins



ERLA
GUÐMUNDSDÓTTIR

Eirólag
D-VÍTAMÍN
EIN TAFLA Á DAG : EKKERT GELATÍN

Íslensk framleiðsla
Fæst í apótekum um land allt

Tveir menn í gæsluvarðhaldi vegna umfangsmikils fíkniefnasmygls: Tugum kílóa af dópi smyglað í gámi

LÖGREGLA Tveir karlmenn eru í haldi lögreglu vegna smygls á tugum kílóa af fíkniefnum með gámaskipi til landsins.

Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði að lögreglan hefði fyrr í mánuðinum lagt hald á sendingu frá Hollandi þar sem meðal annars var að finna e-pillur, kókaín, amfetamín og stera. Sendingin var stíluð á heildsölu í Reykjavík og var starfsmaður hennar handtekinn sama dag og fíkniefnin fundust. Seinni maðurinn, sem er grunaður um að vera höfuðpaurinn í málinu,

var handtekinn í Leifsstöð í fyrrinótt við komuna til landsins.

Málið teygir anga sína víðar, meðal annars til Spánar, þar sem meintur höfuðpaur er búsettur, en hann er á fimmtugsaldri og hefur áður hlotið dóma fyrir fíkniefnasmygl.

Fyrirnefndi maðurinn er á sextugsaldri og hefur ekki komið við sögu lögreglu áður. Báðir mennirnir sitja nú í gæsluvarðhaldi. Sá eldri til 4. nóvember, en sá yngri til 11. nóvember. -þj

Maryland
NÝR OG
STÆRRI PAKKI
Sama góða bragðið

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050

TENGI

IFÖ INNRETTING
STÆRÐ: 29 X 46 X 51,5

TILBOÐSVERÐ
29.900.-

Smíðjuvegi 76 | Baldursnesi 6
Kópavogi | Akureyri
Sími 414 1000 | Sími 414 1050

SPURNING DAGSINS



Sverrir, verður það Sveppi eða Herr Pilz sem mætir á sviðið?

„Ætli það verði ekki bara Mr. Mushroom. Enska er eiginlega eina málið sem ég tala sæmilega fyrir utan íslensku.“

Sverrir Þór Sverrisson, eða Sveppi, mun afhenda verðlaun á kvikmyndahátíð í Lübeck í Þýskalandi á næstunni. Pilz þýðir sveppur á þýsku.

Leikskólastjóri í nýju hlutverki: Leikjasíða á sjö tungumálum

MENNTUN Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri á Nóa-borg, hefur ýtt úr vör vefsíðunni



ANNA MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR

paxel123.com. Síðan er leikjasíða með leikjum sem eiga að örva læsi í stærðfræði og móturmáli fyrir börn frá fjögurra ára aldri. Vefurinn hefur hlotið

góðar viðtökur og verið er að þróa suma leikina yfir í apps fyrir iPhone og iPad.

Leikjavefurinn er ókeypis, þar eru engu auglýsingar, engin skráning, engum persónuupplýsingum safnað eða miðlað. Anna Margrét er í góðu samstarfi við kennara á öllum Norðurlöndum og flestir notendur síðunnar eru í Danmörku.

- fsb / síða 14

500 unglingar á landsmóti:

Krakkar með hjarta úr gulli

FÓLK Fimm hundruð unglingar voru samankomnir á Landsmóti æskulýðsfélaga kirkjunnar sem fram fór um liðna helgi en mótinu lauk í gær með messu í Selfosskirkju.

Unga fólk kom alls staðar að af landinu til að fræðast og láta gott af sér leiða en á laugardag safnaði það meðal annars peningum í Kjaranum á Selfossi til styrktar munaðarlausum börnum í Japan.

Séra Óskar Hafsteinn Óskars-son, prestur í Selfosskirkju, hrósaði krökkunum í predikun sinni í gær og þá sagði Rakel Brynjólfsson leikskólastjóri landsmótið hafa gengið vel fyrir sig. Helgin hefði verið yndisleg og krakkarnir hefðu sýnt að þeir hefðu „hjarta úr gulli“.

- rat

Pingkosningar voru í Færeyjum í gær eftir hálfis árs minnihlutastjórn:

Sambandsflokkurinn áfram í stjórn

FÆREYJAR Sambandsflokkurinn og Fólkaflokkurinn unnu sigur í pingkosningum í Færeyjum á laugardag, en Þjóðveldisflokkur Høgna Hoydal tapaði mestu.

Sambandsflokkurinn og Fólkaflokkurinn voru saman í ríkisstjórn ásamt Jafnaðarflokknunum frá síðustu kosningum, sem haldnar voru árið 2008, allt þar til Fólkaflokkurinn sagði sig úr stjórninni síðastliðið vor og skildu hina flokkana tvo eftir í minnihlutastjórn.

Lögmaður Færeyja frá síðustu kosningum hefur verið Kaj Leo



KAJ LEO JOHANNESSEN Leiðtogi Sambandsflokksins fær tækifæri áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/NORDEN.ORG

Johannesen, leiðtogi Sambandsflokksins. Hann reynir nú væntanlega að mynda nýja meirihlutastjórn.

Mikil endurnýjun varð á lögþinginu í þessum kosningum, því 16 nýir þingmenn taka nú sæti á þinginu, sem er nærri helmingurinn af 33 manna þingi færeysku landstjórnarinnar.

Einn nýr flokkur, sem heitir Framsókn, náði tveimur mönnum inn á þingið.

Tíu konur, tæplega þriðjungur þingmanna, náðu kjöri í þetta skiptið.

- gb

Snjó kyngdi óvænt niður:

Milljónir urðu rafmagnslausar

BANDARÍKIN, AP Meira en þrjár milljónir heimila í norðaustanverðum Bandaríkjunum urðu rafmagnslausar í gær, þegar hríðarveður skall á mun fyrr að vetri en venja er til á þessum slóðum.

Snjó kyngdi niður og var bæði blautur og þungur, þannig að til dæmis tré skemmdust víða.

Þótt snjókomana hafi hætt í gær, þá var búist við að rafmagn kæmist sums staðar ekki á aftur fyrr en að nokkrum dögum liðnum.

- gb

Fjöldinn sprengir af sér skólaeldhús víða

Vinnueftirlitið íhugar nú að ræða við Reykjavíkurborg vegna ástandsins í eldhúsum skólamötuneyta sem víða henti ekki fjölda nemenda. Borgin segir sparað þar eins og annars staðar. Gæði matarins hafi ekki rýrnað eftir hrúnið.

SKÓLAMÁL „Við erum að skoða það að ræða við stjórnendur hjá Reykjavík um þessi mál,“ segir Fríða Ólafsdóttir, eftirlitsmaður hjá Vinnueftirliti ríkisins, um stöðuna í skólamötuneytum borgarinnar.

Fríða segir fréttir undanfarið, ábendingar sem hafi borist auk skoðunarferða Vinnueftirlitsins sjálfs hafa beint sjónum þess sérstaklega að skólamötuneytum.

„Í nokkrum grunnskólum er ástandið nokkuð gott og jafnvel sumstaðar frábært en víða mætti betur fara. Sum eldhús-in eru þannig að þau eru ekki í samræmi við fjöldann sem þau eru að þjóna og mannhaldið ber merki þess að það er alltaf verið að skera niður,“ segir Fríða.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu á dögunum segja Samtök faglærora matreiðslumanna í grunnskólum Reykjavíkur starfsfólki hafa fækkað og að gífurlegt álag sé því á starfslíðinu. Það komi niður á gæðum matarins.

„Ekkert bendir til þess að gæði matar hafi rýrnað, þvert á móti,“ segir í svari skóla- og tólmstundastjórn Reykjavíkurborgar við fyrirspurn Fréttablaðsins vegna gagnrýni matreiðslumannanna. Með samræmdum innkaupum sé lögð vinna í að tryggja sem mest gæði á allri matvöru sem keypt sé inn fyrir skólamötuneytin. „Leitast er við að framreiða eins hollan og góðan mat og mögulegt er. Fylgst er með gæðum matar og unnið eftir gæðahandbók.“

Þegar spurt er hvort skólamötuneytin séu undirmönnuð og álagið of mikið er svarið að þau hafi tekið á sig hagræðingu eins



KÁTIR KRAKKAR Í HÁTEIGSSKÓLA Gæði skólamáltaða hafa síst minnkað eftir hrúnið segir Reykjavíkurborg en Vinnueftirlitið segir mörg skólaeldhús hins vegar ekki henta fyrir fjöldann sem þau eiga að þjóna og íhugar að taka málið upp við stjórnendur borgarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sum eldhúsin eru þannig að þau eru ekki í samræmi við fjöldann sem þau eru að þjóna.

FRÍÐA ÓLAFSDÓTTIR EFTIRLITSMANNAÐUR HJÁ VINNUEFTIRLITINU

og flestar aðrar starfseiningar og starfsþættir. „Skólastjórar taka ákvörðun um ráðningar og stöðugildi vegna skólamötuneyta á forsendum fjárhagsáætlunar,“ bendir skólasviðið á.

Borgin segir að síðustu níu mánuðum hafi starfshópur

skoðað rekstur allra skólamötuneyta borgarinnar, meðal annars starfsmannahald þeirra og verði niðurstöður þeirrar vinnu kynntar innan skamms. Fríða segir vandamálið einmitt vera fjármagn. Skólarnir hafi ekki notið góðærisins og nú sé ástandið enn verra.

„Aðstæður eru orðnar erfiðar því það er svo gríðarlega mikill niðurskurður. Þá eru til dæmis kannski keyptir pottar sem henta ekki fyrir þann fjölda sem verið er að elda. Þetta er mjög óheppilegt en það þarf að vera á bremsunni alls staðar,“ segir Fríða Ólafsdóttir.

- gar



FARPEGAR Í VANDRÆÐUM Tugir þúsunda komust ekki leiðar sinnar.

NORDICPHOTOS/AFP

Ástralskt flugfélag hætti flugi:

Skipað að hefja flugferðir á ný

ÁSTRALÍA, AP Óháður dómstóll í Ástralíu kvað í gær upp þann úrskurð að ástralska flugfélagið Qantas verði að hefja flug að nýju.

Stjórn flugfélagsins ákvað á laugardag að hættu öllu flugi vegna deilna við verkalýðsfélög, sem höfðu ekki viljað semja við félagið eftir að starfsemin var skorin niður í sparnadámót.

Úrskurðurinn felur í sér að deiluaðilum er skipað að hefja viðræður, sem í sjálfu sér er sigur fyrir flugfélagið. Alls urðu 70 þúsund manns í 22 löndum fyrir óþægindum vegna flugstöðvunarinnar.

- gb

Deila HS Orku og Norðuráls:

Enn beðið eftir gerðardómi

ORKUMÁL Gerðardómur í deilu Norðuráls og HS Orku vegna álversins í Helguvík hefur frestað úrskurði sínum um einn mánuð, en vonast hafði verið eftir niðurstöðu um þessi mánaðamót.

Dómarar við gerðardóminn óskuðu eftir frestinum þar sem þeir telja deilumálið um orkusamninginn það viðamikilið.

Þetta er í þriðja sinn sem úrskurður frestast, en upphaflega stóð til að hann yrði kveðinn upp í lok júlímánaðar. Eftir málflytningu í maímánuði var úrskurði frestað út september, síðan var honum frestað út október og nú til nóvemberloka.

Séra Örn Bárður Jónsson vill minnka yfirbyggingu þjóðkirkjunnar og selja eignir:

Endurskoða þarf hlutverk biskups

TRÚMÁL Endurskoðun á hlutverki biskups og minna umfang stjórnsýslu kirkjunnar. Þetta er meðal hugmynda sem séra Örn Bárður Jónsson setti fram í predikun í Neskirkju í gær.



ÖRN BÁRÐUR JÓNSSON

Í predikun sinni lýsti Örn Bárður yfir áhyggjum af fjárhagsstöðu kirkjunnar. Tekjur hafi dregist saman vegna fækkunar á meðlimum og endurskoðunar á samningum kirkju og ríkis. Segir Örn Bárður að haldi þessi þróun áfram kunni það að koma niður á starfi kirkjunnar og bendir máli sínu til stuðnings á nýlegar fréttir af því að fimm starfsmönnum Háteigskirkju hafi

verið sagt upp vegna aðhalds- aðgerða.

Til að bregðast við þessari þróun leggur Örn Bárður til að skrifstofuhúsnæði kirkjunnar við Laugaveg og Biskupsgarður, íbúðarhús biskups við Bergstaðastræti, verði seld.

„Yfirstjórn kirkjunnar breyttist 1997 þegar mörg verkefni færðust frá ráðuneytinu og inn í kirkjuna. Og þá óx biskupsstofa og risið á kirkjunni varð svoltið bratt og er svoltið bratt. Ég hef talað fyrir því að það þurfi að lækka þetta ris aftur,“ sagði Örn Bárður í predikun sinni.

Örn leggur einnig til að þjóðkirkjan kaupi hálf sagnaðarheimili Dómkirkjunnar sem standi varla undir rekstri þess vegna skulda. Þá mundi starfsemi biskups færast inn í Dómkirkjuna.

„Ég vil að biskupinn sé niðri í miðbæ og þjóni við Dómkirkjuna.“

Ég vil að biskupinn sé niðri í miðbæ og þjóni við Dómkirkjuna.

ÖRN BÁRÐUR JÓNSSON
PRESTUR Í NESKIRKJU

Messi þar einu sinni í mánuði þar sem almenningur getur hlustað og haft aðgang að honum,“ segir Örn og bætir við: „Ég geri þá ráð fyrir því að kirkjuþing og kirkjuráð mundu sjá um þessa veraldlegu umsýslu. Og það mætti framkvæma hana á skrifstofu á ódýrara svæði en á Laugaveginum. Á móti væri biskupinn ekki í þessu veraldarvafstri.“

Loks viðurkennir Örn fúslega að þessar hugmyndir séu ekki fullmótáðar. Þær megi hins vegar ræða og þá komi vonandi eitthvað gott út úr þeim.

- mþl



FYRIRTÆKJASALAN
S U D U R V E R I
SÍMI 581 2040 896 1810 REYNIR ÞORGRÍMSSON.
Stigahlíð 45-47
Lögg. fasteignasali: Guðrún Hulda Ólafsdóttir Hdl.

Sýnishorn úr söluskrá

- Parketslípun – stór verkefni bókuð
- Ferðaskrifstofa á ótrúlegu verði
- Ein elsta hannyrðabúð landsins
- Snyrtilegur asískur veitingastaður
- Afkastamikil hreingerningapjónusta
- Söluturnar í ýmsum stærðum
- Rafverktakafyrirtæki f. norðan
- Sérverslun við Laugavegin
- Bónstöð á besta stað

Óskum eftir fyrirtækjum til skráningar!

Nánari upplýsingar veittar á skrifstofu
reynir@fyrirtaeki.is - www.fyrirtaeki.is

Hringdu úr tölvunni og lækkaðu símreikninginn!



Pú færð Nova netsímamann á nova.is!



0 kr. símtöl, myndsímtöl og spjall milli Nova netsíma



0 kr. símtöl og SMS úr Nova netsíma í Nova farsíma
100 mínútur og 50 SMS á mánuði fylgja!



Hægt að hringja í alla aðra farsíma og heimasíma á Íslandi og í útlöndum

**0 kr.
Nova
í Nova
– nú líka í
tölvunni!**

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verlanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,64	113,18
Sterlingspund	181,25	182,13
Evra	159,28	160,18
Dönsk króna	21,396	21,522
Norsk króna	20,725	20,847
Svænsk króna	17,674	17,778
Japanskt jen	1,4840	1,4926

SDR 179,72 180,80

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,1307

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sýkingar af völdum hráka ættu ekki að hrjá íþróttafólk á Akureyri á næstunni:

Búið að sóttgreinsa Bogann

HEILBRIGÐISMÁL Búið er að sóttgreinsa gervigrasið í íþróttahúsinu Bogannum á Akureyri. Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku eru mörg dæmi um að íþróttaiðkendur hafi fengið sýkingar í sár eftir að hafa dottið í grasið þar, vegna þess að það hafði ekki verið þrifið frá opnun. Sýkingavaldar í grasinu eru raktir til þess meðal annars að fólk hræki í grasið.

Sígfús Ólafur Helgason, formaður íþróttafélagsins Þórs og umsjónarmaður í Bogannum, segir að öllum síðastliðnum fimmtu-

degi hafi verið varið í að hreinsa grasið. Því var húsið lokað bæði á fimmtudag og í gær. „Vonandi hefur okkur tekist að hreinsa út óværuna, eins og við köllum hana,“ segir Sígfús.

Hann segir að mikið magn af vatni hafi farið í hreinsunina og þungt loft hafi verið vegna hreinsingunnar og því hafi verið ákveðið að hafa húsið lokað þessa tvo daga. Opið verður í húsinu í dag samkvæmt áætlun. „Þó að ein knattspyrnuæfing á hausti detti út efast ég um að Íslandsmeistaratiðillinn ráðist af því.“



GRASIÐ HREINSAD Starfsmenn Bogans unnu að því á fimmtudaginn að hreinsa grasið með þar til gerðum búnaði.

MYND/ÞÓRSÞÓR

Stíflur bresta við Bangkok: Segja stutt í neyðarástand

TAILAND, AP Alþjóðlegar hjálparstofnanir segja stutt í að neyðarástand skapist í Bangkok, höfuðborg Tailands, vegna flóðanna sem ógna nú borginni.

Í gær brustu stíflur á nokkrum stöðum sem eykur hættuna á að vatnið flæði yfir borgina.

Íbúar í norðurhverfum borgarinnar hafa þegar fengið að finna fyrir flóðunum, en að mestu hefur þó tekist að verja borgina flóðum.

Um þriðjungur landsins er undir vatni í þessum mestu flóðum sem komið hafa áratugum saman.



MORÐALDA Fimm morð hafa verið framin í Ósló á einum mánuði. Síðasta tilfallið var í fyrrið þar sem ungur maður var drepinn á heimili sínu.

NORDICPHOTOS/APP

Manndráp í Ósló:

Fimmta morðið á einum mánuði

NOREGUR Ungur maður var myrtur á heimili sínu í Ósló, höfuðborg Noregs, í fyrrið þar sem ungur maður var drepinn á heimili sínu. Meintur árásmaður var handtekinn í bakgarði hússins þar sem morðið átti sér stað.

Verknaðurinn hefur vakið mikinn óhug í Ósló, en fimm morð hafa verið framin í borginni á síðasta mánuði og alls 27 morð í Noregi frá áramótum, að undanskildum voðaverkum Anders Breivik.

Mennirnir þrír, fórnarlömbin og meintur gerandi, hafa ekki áður komið við sögu lögreglu.

SAMGÖNGUR

Þrengt á Vesturlandsvegi

Vesturlandsvegur við Krikkahverfi í Mosfellsbæ hefur verið þrengdur tímabundið, úr tveim akreimum í eina í hvora átt, á milli Langatanga og Þverholts á meðan verið er að byggja göngubrú yfir veginn. Verklök eru áætluð 15. desember 2011.

EVROPA

Klukkan færð aftur í Evrópu

Klukkan var færð aftur um eina klukkustund í Evrópu í fyrrið þegar vetrartími tók gildi. Tímamunur á milli Íslands og Vestur-Evrópu er nú ein klukkustund í stað tveggja.

77 ráðningar án auglýsinga

Frá ársbyrjun 2009 réðu ráðuneytin 77 sinnum í stöður án auglýsinga. Oftast til skamms tíma og því innan laga og reglna. Fjármálaráðuneytið réði tvisvar ótímabundið. Borið er við sérstökum aðstæðum árið 2008.

STJÓRNSÝSLA Ráðuneytin réðu alls 77 sinnum í stöður án auglýsinga frá ársbyrjun 2009 fram í september síðastliðinn. Þetta kemur fram í svörum ráðuneytanna við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Nær allar ráðningarnar eru hins vegar til skamms tíma, vegna afleysinga eða skemmri verkefna, og því innan marka sem sett eru í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og reglur um auglýsingar á lausum störfum.

Þar segir annars vegar að ekki þurfi að auglýsa störf sem eigi að standa í tvo mánuði eða skemur, ekki heldur störf við afleysingar í tólf mánuði eða skemur, né störf sem áður voru auglýst innan sex mánaða og þess getið að umsóknin um þau gildi í sex mánuði.

Hins vegar er heimilt að ráða starfsmann til starfa tímabundið án auglýsinga, en tímabundnar ráðningar mega þó ekki vara samfelld lengur en í tvö ár.

Þrjú ráðuneyti hafa hins vegar farið á svig við ákvæði um gildistíma ráðninga: fjármálaráðuneytið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið og innanríkisráðuneytið.

Fjármálaráðuneytið réði í tvær stöður sérfræðinga án auglýsinga, en í svari til Fréttablaðsins segir að fólk hafi fyrst verið ráðið vorið 2008 tímabundið án auglýsinga, „með vilyrði um fastaráðningu að loknum reynslutíma sem eftir var að honum loknum“.

Ástæðan sem ráðuneytið gefur fyrir því er að þegar fólk er upphaflega ráðið hafi aðstæður á vinnumarkaði verið sérstakar. Fjármálaráðuneytið hafi þá „ítrekað og árangurslaust reynt að fá til sín starfsfólk með þessa menntun“, en án árangurs og því hafi verið brugðið á þetta ráð.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið réði í eina stöðu við símavörslu tímabundið vegna

77 ráðningar frá jan 2009

- Innanríkisráðuneyti (áður dómsmála- og samgönguráðuneyti): 20 ráðningar án auglýsinga.
- Velferðarráðuneyti (áður heilbrigðis- og félagsmálaráðuneyti): 19 ráðningar án auglýsinga. Þar af voru tvær stöður á Landspítala auglýstar innanhúss.
- Mennta- og menningarráðuneyti: 9 ráðningar án auglýsinga.
- Forsætisráðuneyti: 9 ráðningar án auglýsinga.
- Fjármálaráðuneyti: 7 ráðningar án auglýsinga. Tvær stöður ótímabundið vegna sérstakra aðstæðna.
- Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti: 6 ráðningar án auglýsinga.
- Umhverfissráðuneyti: 2 ráðningar án auglýsinga.
- Efnahags- og viðskiptaráðuneyti: 1 ráðning án auglýsinga, sex stöður færðust milli ráðuneyta um áramót.
- Utanríkisráðuneyti: 1 ráðning án auglýsinga.
- Iðnaðarráðuneyti: 3 ráðningar án auglýsinga.

veikinda en ráðningin var framlengd ótímabundið. Starfsmaðurinn hefur þó enn ekki náð því tveggja ára hámarki sem reglur heimila.

Í síðasta tilfallinu var Einar Árnason ráðinn ráðgjafi Ögmundur Jónssonar innanríkisráðherra í ársbyrjun og gildir ráðning hans um óákveðinn tíma á meðan Ögmundur er í sínu starfi.

Sú skýring er gefin að Einar hafði áður verið aðstoðarmaður Ögmundar í samgönguráðuneytinu, en Halla Gunnarsdóttir, sem gegndi sama starfi í dómsmálaráðuneytinu, er núverandi aðstoðarmaður innanríkisráðherra.



RÁÐNINGAR RÁÐUNEYTANNA Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinum hefur 77 sinnum verið ráðið í stöður innan þeirra án auglýsinga. Í langflestum tilfellum er um tímabundnar ráðningar að ræða, sem brjóta ekki í bága við lög og reglur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skýrar upplýsingar nauðsynlegar



ARNI ÞÓR SIGURÐSSON

Arni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, lagði fram á þingi fyrir skemmstu fyrirspurn um ráðningar ráðuneyta, að undanskildum afleysingum, árið 2007 til 2011. Hann beindi spurningunni að forsætisráðherra sem sagðist aðeins geta svarað fyrir sitt ráðuneyti. Í samtali við Fréttablaðið sagðist Arni þegar hafa sent fyrirspurn á ráðuneytin.

„Þessi umræða kemur alltaf upp öðru hverju. Það er, hvort ráðið sé í stöður án auglýsinga. Svo var þetta líka til umræðu í haust vegna breytinga á stjórnnarráðslögnum. Það kveikti hjá mér áhuga um að fá að vita hvernig þessu er háttað í raun. Það sem mér finnst áhugavert er að fá tölurnar á bak við þetta, því að þegar umræðan kemur upp er gott að hafa skrifleg svör um það hvernig þessu er háttað og einnig hvort viðkomandi sé ennþá í þessum störfum.“

Um áramótin fær innanríkisráðherra hins vegar lagaheimild til að bæta við sig aðstoðarmanni, sem yrði væntanlega Einar, og þá stöðu þarf ekki að auglýsa.

Á heildina lítið eru flestar tíma-

bundnar óauglýstar ráðningar í stærri ráðuneytinum. Velferðarráðuneytið réði þannig níttján sinnum án auglýsinga og innanríkisráðuneytið réði tuttugu sinnum án auglýsinga. **thorgils@frettabladid.is**

VEÐURSPÁ




Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

SVIÐAFRÁM

Veður breytist lítið næstu dagana en það verður áfram stíft norðaustanátt viðloðandi Vestfirði og norðvestanvert landið. Annars staðar verður hægari vindur en víða má búast við skúrum eða slydduéljum. Hvesir SA-til með hlýndum seint á miðvikudag.

Á MORGUN 10-18 m/s NV-til, annars hægari.



HEIMURINN	°C
Alicante	23°
Basel	14°
Berlín	14°
Billund	13°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	15°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	24°
London	17°
Mallorca	23°
New York	10°
Orlando	24°
Ósló	9°
París	17°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	10°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

MULTI DOPHILUS FORTE

Ný og öflug blanda af meltingargerlum

Multidophilus Forte er breiðvirk probiotic blanda sem inniheldur **10 MILLJARÐA VIRKRA GERLA.** Mælt er með einu hylki á dag til að viðhalda góðri þarmaflóru.

„Probiocap®“ Multidophilus forte er framleitt með nýrri aðferð sem tryggir líftíma gerlana og virkni þeirra.

Fæst í heilsubúðum, apótekum og flestum matvöruverslunum.

–hafðu það gott

TOYO TIRES

www.toyo.is



Börnin inni vegna mengunar

Loftmengun í Reykjavík var yfir heilsuverndarmörkum frá þriðjudegi til föstudags. Leikskólabörnum var haldið innandyrna en vonskuveður og kuldi höfðu einnig áhrif. Búist er við að ástandið fari að skána í dag.


UMHVERFISMÁL Loftmengun í Reykjavík hefur verið með versta móti síðustu daga og hefur leikskólabörnum víða um borgina verið haldið innandyrna í marga klukkum þess.

Anna Rósa Böðvardsdóttir hjá heilbrigðiseftirlitinu segir að ekki hafi verið skoðað sérstaklega hvort um óeðlilegt ástand hafi verið að ræða miðað við árstíðingum þess.

skólustjóri Stakkaborgar í nágrenni Miklubrautar, segir að ef mengun fari yfir heilsuverndarmörk fari börnin ekki út.

Það var mjög hátt einn dag- vikunnar, en svo er líka búið til að vera kalt og það er ekki ólíklegt að börnin fari út.

Svifryk í Reykjavík



* Ljóst var að meðalgildið færi yfir mörkin. Staðfestar tölur lágu ekki fyrir. Heimild: Heilbrigðiseftirlitið

Heimild: Fréttablaðið 8. janúar 2011

Andaðu léttar! með harðskeljadekkjum frá TOYO

Svifryk er finasta gerð rykagna sem eiga greiða leið í öndunarfarin. Nagladekk valda svifryki og slíta akbrautum hundraðfalt meira en önnur dekk. Árlega þarf Reykjavíkurborg að endurnýja um 10.000 tonn af malbiki vegna slits af völdum nagladekkja.

Í Reykjavík er svifryk 50% uppspænt malbik, 10% sót, 15% eyddir bremsuborðar og 25% jarðvegur og salt. **Fjöldi leikskóla á höfuðborgarsvæðinu hleypir stundum börnum ekki út að leika vegna svifryksmengunar.**

Toyo harðskeljadekkin innihalda brot úr valhnetuskeljum, sem er með hörðustu efnum sem finnast í náttúrunni. Skeljabrotin grípa eins og klær í hálkuna, draga verulega úr svifryksmengun og Silica gúmmíblöndunarefnið heldur þeim stöðugt mjúkum í miklu frosti. Toyo harðskeljadekkin eru því raunhæf og örugg lausn í stað nagladekkja.



Bilabúð Benna - Vagnhöfða 23 - Reykjavík - 590 2000 - www.benni.is
Nesdekk - Fiskislóð 30 - Reykjavík - 561 4110 / Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3333



Meira grip án nagla



Ert þú sammála dómi Hæstaréttar um að neyðarlögin skuli halda?

JÁ 83,2%
NEI 16,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú lúpínu vera of útbreidda á Íslandi?

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Þrjú unglingspiltar gistu fangageymslur lögreglunnar eftir uppþot á meðferðarheimilinu Stuðlum:

Ógnuðu með bareflum og reyndu að flýja

LÖGREGLUMÁL Neyðarástand skapaðist á meðferðarheimilinu Stuðlum í fyrrinótt þegar sex skjólstaðingar heimilisins hugðust strjúka og ógnuðu starfsmönnum með bareflum. Lögreglan var kölluð til þar sem starfsmenn réðu ekki við ástandið.

Þrjú unglingspiltar voru handteknir og fengu að gista fangaageymslur.

Piltarnir voru fluttir aftur að Stuðlum í gær og var starfsmönnum á vakt fjölgað, að sögn Böðvars Björnssonar, deildarstjóra Neyðarvistar Stuðla.

Hann segir einnig að atvikið hafi

ekki haft áhrif á aðra skjólstaðinga meðferðarheimilisins og hlutirnir séu komnir í samt horf. Rétt hafi verið af starfsfólki að kalla eftir aðstoð lögreglu á laugardagskvöldið og að farið hafi verið í öllu eftir verklagsreglum meðferðarheimilisins þegar atvik eins og þetta komi upp. Slík atvik komi upp af og til.

Lögreglan var kölluð að meðferðarheimilinu þegar skjólstaðingarnir komust yfir lykla starfsmanns á laugardagskvöld, tóku sundur sófa á heimilinu og gerðu sér vopn úr honum.

Mikið álag er jafnan á Stuðlum

og Barnaverndarstofa hefur kallað eftir því að opnað verði nýtt heimili fyrir unglinga sem svara meðferð. Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, sagði í samtali við Vísi.is að þær aðstæður sem sköpuðust í fyrrakvöld sýni enn fremur fram á þessa þörf. Hann þakkar þrautþjálfuðu starfsfólki Stuðla fyrir að ekki fór verr.

Bragi segir að þessar aðstæður sem komu upp séu fátíðar. Það gerist að jafnaði einu sinni til tvisvar á ári að starfsmenn Stuðla þurfi að kalla eftir aðstoð lögreglunnar.

- rat



STUÐLAR Það gerist örfáum sinnum á ári að starfsfólk Stuðla þurfi að kalla til lögreglu.

Tímanleg snilld



...tímarofar, breytiklær, lampar, flúrljós, ljósaperur, dyrabjöllur, vírar, kaplar, rafhlöður, spennubreytar, borðviftur, fjöltengi, framlengingarsnúður, síma-vörur, raflagnaefni, verkfæri og minni heimilistæki.

Glóey – gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is



BASHAR AL-ASSAD MEÐ ASMA KONU SINNI Harkaleg viðbrögð hers og lögreglu hafa kostað um þrjú þúsund mótmælendur lífið. NORDICPHOTOS/AFP

Segir afskipti hleypa öllu í bál og brand

Assad Sýrlandsforseti í óvenjulegu viðtali við breskt blað. Segist enn trúa því að loforð hans um umbætur dugi til að mótmælin fjari út. Líkir stjórnarháttum í Sýrlandi og Vesturlöndum við ólík tölvukerfi, sem skilji ekki hvort annað.

SÝRLAND Bashar al-Assad Sýrlandsforseti segir að Vesturlönd taki mikla áhættu ætli þau að skipta sér af stjórn Sýrlands, landi þar sem mótmælendur hafa í sjö mánuði krafist afsagnar forsetans.

„Sýrland er kjarninn í þessum heimshluta núna. Það er jarðsprungan, og ef þú leikur þér að jörðinni þá veldurðu jarðskjálfta.“ sagði Assad í viðtali við breska blaðið Sunday Telegraph. „Viljið þið sjá annað Afganistan eða tíu Afganistan?“

Í viðtalinu segist Assad ekki hafa trú á öðru en að mótmælin séu að fjara út. Fljótlega eftir að þau hófust í mars síðastliðnum hafi hann brugðist hratt við og boðað pólitískar umbætur í landinu. Það eigi að duga.

Þótt Assad eigi enn marga stuðningsmenn í Sýrlandi, ekki síst í höfuðborginni Damaskus, hefur hins vegar ekkert lát verið á mótmælunum. Þvert á móti hafa þau vaxið jafnt og þétt.

“Sýrland er kjarninn í þessum heimshluta núna. Það er jarðsprungan, og ef þú leikur þér að jörðinni þá veldurðu jarðskjálfta

BASHAR AL-ASSAD
SÝRLANDSFORSETI

Stjórnin hefur frá byrjun tekið harkalega á mótmælendum, óspart sigað her og lögreglu á þá með þeim afleiðingum að um þrjú þúsund mótmælendur hafa látist.

Ekkert bolar heldur á umbótunum, sem Assad hefur raunar lofað allt frá því að hann tók við völdum af föður sínum fyrir meira en áratug.

Í viðtalinu leggur Assad áherslu á að hann lifi ósköp hversdagslegu lífi, spjalli við nágrannana og fari sjálfur með börnin sín í skólann. Hann býr ekki í neinni höll heldur í

tiltölulega litlu húsi við ósköp venjulega götu í höfuðborginni Damaskus.

Breski blaðamaðurinn segir hann vel viðræðuhæfan, geti tekið gríni og segi sjálfur brandara. Engir stælar eða ofríkistilburðir.

Assad lærði augnlækningar og bjó í tvö ár í London þar sem hann kynntist eiginkonu sinni. Hann hefur frá unga aldri verið áhugasamur um tölvur og þegar hann ber saman stjórnarhætti í Sýrlandi við Vesturlönd, þá segir hann það eins og að bera saman Macintosh og PC-tölvur:

„Báðar tölvurnar gera sama hlutinn, en þær skilja ekki hvor aðra,“ sagði Assad í viðtalinu. „Það þarf að túlka á milli.“

Assad bjóst aldrei við því að fara út í stjórnarmál, það var bróðir hans sem átti alltaf að taka við af föður þeirra, en það breyttist þegar bróðirinn fórst í bílslysi.

gudsteinn@frettabladid.is

SKAÐA BANKARNIR SAMKEPPNI?

Er eignarhald banka á fyrirtækjum samkeppnishamlandi? Er eftirlit nægilega markvisst?

Opinn fundur um áhrif eignarhalds banka á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri.

Fundurinn verður haldinn á **veitingahúsinu Nauthól, Nauthólsvogi 106, þriðjudaginn 1. nóvember kl. 16.30**

Framsögumenn:

Baldur Björnsson, framkvæmdastjóri Múrbúðarinnar
Jón Steinn Eliasson, forstjóri Toppfisks og formaður SFÚ
Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Fundarstjóri:

Elín Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastjóri SFÚ

Skráning á bjarnadis@atvinnurekendur.is eða í síma 588 8910.

FÉLAG ATVINNUREKENDA



LÖGREGLUMÁL Þremur ungmennum, sem réðust óboðin inn í einkasamkvæmi í Mosfellsbæ á föstudagskvöld og slógu þar mann í höfuð með steikarpönnu og stungu annan í háls með hnífi, voru látin laus eftir yfirheyrslur á laugardag.

Ekki fékkst uppgefið hjá lögreglu hvort þau voru undir áhrifum eiturfjafa en málið er nú í höndum rannsóknardeildar

lögreglunnar. Ungmennin eru á aldrinum 16 og 17 ára.

Hinir slösuðu voru fluttir á slysadeild þá um nóttina þar sem gert var að sárum þeirra. Þeir voru útskrifaðir þaðan á laugardagsmorgun.

Málsatvik voru þau að tveir piltar og ein stúlka gerðust boðflennur í einkasamkvæmi í Hulduhlíð í Mosfellsbæ. Þegar gestir hugðust vísa þeim á dyr sló annar pilturinn

einn gestanna með steikarpönnu í andlit og hinn pilturinn stakk annan mann í hálsinn með hníf.

Gestum tókst að yfirbuga piltinn með steikarpönnuna og halda honum þar til lögreglan kom á staðinn. Einnig náðu gestir að afvopna piltinn með hnífinn áður en hann og stúlkan flúðu af vettvangi. Þau voru handtekin stuttu síðar í bíl og gistu þau öll fangaageymslur.

- rat

Kynntu þér nánar á:
www.urdarhvarf.is



TIL LEIGU

URÐARHVARF 6

LÆKKAÐU HÚSNÆÐISKOSTNAÐ FYRIRTÆKISINS

- Er leigusamningurinn að renna út? Skoðaðu hagkvæmari kosti!
- Leiga frá kr. 1.450 á fm í fullbúnu húsnæði
- Leigurymi frá 350 - 7.000 fm
- Leigusali greiðir flutningskostnað!



Þekking hf. nýflutt í Urðarhvarf 6:

„Þekking lækkaði húsnæðiskostnað fyrirtækisins umtalsvert við flutning í Urðarhvarfið. Húsið er mjög vel tæknilega útfært, sérstaklega hvað varðar öflugt og öruggt netsamband. Starfsfólkinu líður vel hér enda auðvelt að keyra í og úr vinnu og húsið á fallegum stað á höfuðborgarsvæðinu.“

Stefán Jóhannesson, framkvæmdastjóri Þekkingar

Nánari upplýsingar gefa:



Óskar Sigurmundason
oskar@huseign.is
gsm 866 8808



Atvinnueignir
Löggild leigumiðlun og fasteignasala

Helgi Már Karlsson
hmk@atvinnueignir.is
gsm 897 7086



Guðlaugur Örn Þorsteinsson
gulli@teigulistinn.is
gsm 896 0747



FASTEIGNARÁDGGJÖF
LEIGUMIÐLUN

Örn V. Kjartansson
orn@m3.is
gsm 825 9000

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir aðalpersóna Einvígisins, hinnar nýju skáldsögu Arnaldar Indriðasonar?
2. Hvað heitir forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands?
3. Hvaða hæstaréttardómari skilaði sératkvæði í dómnum um neyðarlögin, sem kveðinn var upp á föstudag?

SVÖR:

1. Marlon, 2. Jón Gunnar Ottósson, 3. Jón Steinar Gunnlaugsson.

Innbyrðisdeilur í Íran:

Þingið rannsakar forseta

ÍRAN, AP Íranska þjóðþingið hefur samþykkt að kalla Mahmoud Ahmadinejad forseta til yfirheyrslu, þar sem hann verður spurður bæði út í stefnu sína og út í grun um efnahagsmisferli.

Áður hefur þingið komist að þeirri niðurstöðu að efnahagsráðherra Ahmadinedjads hafi gerst sekur um efnahagsmisferli. Það mál er þó aðeins eitt af mörgum sem forsetinn er talinn vera flæktur í.

Harðar deilur hafa verið mánuðum saman milli Ahmadinedjads forseta og klerkastjórnar landsins, sem upphaflega kom honum til valda. Margir stuðningsmanna forsetans hafa verið handteknir eða hraktir úr embætti.



MAHMOUD AHMADINEJAD

Ráðherra jafnréttismála í Noregi vil bylta fæðingarorlofskerfinu:

Vill fæðingarorlof eins og á Íslandi

NOREGUR Audun Lysbakken, jafnréttismálaráðherra Noregs, hefur skrifað bók til varnar fæðingarorlofi fyrir feður.

Bókina, Frihet likhet farskap, skrifaði hann þegar hann átti lausar stundir í eigin fæðingarorlofi fyrir ári. Ráðherrann óttast að Hægriflokkurinn og Framfaraflokkurinn slái fæðingarorlof fyrir feður af. Nú eru tólf vikur fæðingarorlofsins í Noregi ætlaðar feðrum. Hægriflokkurinn og Framfaraflokkurinn vilja að foreldrarir fái sjálfir að ákveða hvernig orlofið skiptist.

Lysbakken vill að fæðingarorlofinu verði skipt í þrennt eins og á Íslandi og í Svíþjóð, að því er greint er frá á fréttavef norskur sjónvarpsstöðvarinnar TV2.

Einn hluti orlofsins verði ætlaður móðurinni, annar föðurnum og þriðja og lengsta tímabilinu geti foreldrarir skipt á milli sín eins og þeir vilja.

Í bókinni kveðst Lysbakken verða fyrstur til þess að leggja niður pabbakvótann þegar hann verði sannfærður um að allir feður geti tekið langt leyfi án kvótans. Ekkert bendi hins vegar

til þess að slíkt sé í vændum.

Sænskir feður taka lengra fæðingarorlof en norskir feður. Lysbakken er sannfærður um að það sé vegna þess að þeir eigi meiri rétt á fæðingarorlofi en ekki vegna þess að þeir séu jafnréttissinnadri.



AUDUN LYSBAKKEN

- ibs

Brotist inn í verslun:

Þjófarnir völdu verðmæt föt

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í fataverslunina Allir krakkar í Reykjavík aðfaranótt laugardags og barnafötum að verðmæti 1,2 milljónir króna stolið. Einnig var sjóðsvél í versluninni tæmd.

Svo virðist sem ránið hafi verið undirbúið en þjófarnir höfðu á brott með sér dýrari flíkur úr búðinni svo sem úlpur, kápur, sparikjóra og pils.

Þjófarnir brutu rúðu í hurð og gátu þannig opnað dýrnar og komist inn. Ekki voru unnar frekari skemmdir í versluninni.

- rat

Skerpt á helstu stefnumálum

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir samstöðu hafa ríkt á landsfundinum um helgina.

Skerpt á helstu stefnumálum hreyfingarinnar í mörgum lykilmálum. „Gott veganesti“, segir formaðurinn.

STJÓRNMÁL Steingrímur J. Sigfússon segir góðan anda hafa ríkt á landsfundi Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs (VG) sem fór fram á Akureyri um helgina.

„Þetta var kraftmikill fundur“, sagði Steingrímur, sem var endurkjörinn í sæti formanns á fundinum, en tvö önnur voru þar í kjöri. Þá var Katrín Jakobsdóttir endurkjörin varaformaður án mótframboða, sem og Sóley Tómasdóttir í embætti ritara og Hildur Traustadóttir gjaldkeri.

Steingrímur segir enga grundvallarbreytingu hafa verið gerða á stefnu hreyfingarinnar í lykilmálum. Til dæmis hafi samstaða verið um Evrópumálin.

„Það var bara hnykk á okkar afstöðu í málinu. Utanríkismálalópurinn skilaði sameiginlegri ályktun sem fór óbreytt í gegn. Það gekk sérstaklega vel í ljósi



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

þess hve heitt það mál er.“

Varðandi önnur utanríkismálum var hnykk á andstöðu VG við aðild Íslands að NATO.

Þingmennirnir Atli Gíslason og Lilja Mósedóttir lýstu yfir úrsögn sinni úr VG, en þau höfðu áður sagt sig úr þingflokki hreyfingarinnar. Steingrímur hafnar því að úrsögn þeirra beri vitni um undiröldu innan VG.

„Nei, þetta á sér lengri aðdrag-

“ Í það heila tekið var þetta vel heppnaður landsfundur og við fengum þarna gott veganesti fyrir framhaldið.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
FORMAÐUR VG

anda. Það var þeirra val að nota tækifærið á landsfundinum til að koma þessu á framfæri. Þau komu í upphafi á fund sem þau virtust ekki að öðru leyti ætla að starfa á og tilkynntu sína úrsögn og sáust ekki mikið eftir það. Það er þeirra val og satt best að segja var engin umræða um þetta á fundinum eftir það. Við sem mættum til fundarins til að halda starfinu áfram vorum ekki að láta það trufla okkur.“

Í ályktun um umhverfismál og virkjanir, sem samþykkt var á fundinum eru meðal annars ítrekaðar fyrri samþykktir „um að ekki verði farið í virkjanaframkvæmdir í byggð við Þjórsá og að staðinn sé vörður til framtíðar um vernd jökulanna í Skagafirði, Skjálfrandaflljóts, Skaftár og Hólmsár sem nú er á barmi nýtingar“.

Steingrímur segir engar stórar breytingar felast í þessari ályktun.

„Þetta lýsir því hvernig við viljum að helst yrði unnið að þeim málum og ætti ekki að koma neinum á óvart.“

Hann segir að á fundinum hafi verið skerpt á helstu stefnumálum.

„Í það heila tekið var þetta vel heppnaður landsfundur og við fengum þarna gott veganesti fyrir framhaldið.“

thorgils@frettabladid.is

Palestínუმენն svörðu loftárás með flugskeytum:

Á annan tug manna látnir á Gasa-svæðinu

ÍSRAEL, AP Tíu Palestínუმენն og einn Ísraeli hafa látið lífið í átökum um helgina, sem hafa dregið mjög úr vonum um að samband Ísraelstjórnar og Hamas-samtakanna skáni eitthvað.

Meðal annars gerði Ísraelsher loftárás á Palestínუმენն á Gasasvæðinu í gær, en Palestínუმენն skutu flugskeytum yfir landamærin til Ísraels.

Einkum voru það samtökin Heilagt stríð íslams, sem stóðu í átökum við ísraelska herinn. Ísraelar kenna engu að síður um Hamas-samtökunum, sem hafa farið með völd á Gasasvæðinu í nokkur ár.

- gb



ÚTFÖR Á GASA Enn á ný grafa íbúar á Gasa ættingja sína.

NORDICPHOTOS/AFP

Of margir ungir gestir:

Lögreglan lokaði Players

LÖGREGLUMÁL Lögreglan lokaði veitingastaðnum Players í Kópavogi um þrjúleitið aðfaranótt sunnudags.

Staðurinn hafði yfirfyllst af fólki og hafði töluverður hópur unglinga undir tilskildum aldri safnast þar fyrir þegar lögreglan lokaði staðnum.

Eftir að staðnum hafði verið lokað safnaðist fjöldinn saman fyrir utan og kom til stýmpinga milli manna sem lögreglan þurfti einnig að hafa afskipti af.

- rat

LÖGREGLUFRÉTTIR

Skarst á höfði og andliti

Karlmaður skarst á höfði og í andliti þegar hann ók á bryggjupolla við Grindavíkurhöfn í gær. Maðurinn var fluttur á slysadeild. Bíllinn er talinn ónýtur.

Við bjóðum frábært verð

Umfelgun á fólsbíl 5490.- á smájeppa 6490.-

Til eldri borgara:

Umfelgun á fólsbíl 4900.- á smájeppa 5900.-



SUNNY TIRES

VDO
Borgardekk

Borgartún 36 | 105 Reykjavík | Sími: 588-9747 | Fax: 588-9722 | verslun@vdo.is

KRAFTMEIRI ÚTSALA

MIKIÐ ÚRVAL AF MÓTORHJÓLUM OG FYLGHLUTUM Á MINNST 15% AFSLÆTTI*



Kawasaki	Verð áður	Verð nú	
VN 1700 Classic	2.420.000 kr.	1.990.000 kr.	Allir leður mótörhjólagaðar 30% afsl.
VN900 Classic	1.640.000 kr.	1.390.000 kr.	
VN900 Custom	1.790.000 kr.	1.490.000 kr.	Motocrossgaðar 30 - 60% afsl.
ZX-6R 2009	1.920.000 kr.	1.590.000 kr.	Hjálmar 25-55% afsl.
Versys 2010	1.590.000 kr.	1.290.000 kr.	
Z1000 2009	1.890.000 kr.	1.590.000 kr.	Mótörhjóra skór/stígvél 25% afsl.
Z750R 2011	1.890.000 kr.	1.550.000 kr.	
KX450Fi 2010	1.450.000 kr.	1.090.000 kr.	
Rieju 450	1.295.000 kr.	1.095.000 kr.	Allir varahlutir 25% afsl.
Asia Wing	799.000 kr.	599.000 kr.	

*Tilboðin fást aðeins hjá Nitró á meðan birgðir endast. Tilboðin gilda ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.



N1 VERSLUN BÍLDHÖFÐA 9, REYKJAVÍK. SÍMI 440 1220
N1 VERSLUN TRYGGVABRAUT 18-20, AKUREYRI. SÍMI 461 5522
Egilsstöðum, Reyðarfirði, Höfn, Selfossi, Akranesi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Ólafsvík.

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLU ER LAUGARDAGURINN 5. NÓVEMBER



TAX FREE

**Í ÖLLUM VERSLUNUM
RÚMFATALAGERSINS!**

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

AF ÖLLUM VÖRUM

AÐEINS Í DAG

MÁNUDAGINN 31.10

**KOMDU OG
GERÐU FRÁBÆR
KAUP FYRIR
JÓLIN!**



Afsátturinn er á kostnað Rúmfatalagersins. Virðisauka er að sjálfsögðu skilað til ríkissjóðs.

Rúmfatalagerinn er á 4 stöðum : Korputorgi - Smáratorgi - Skeifunni - Akureyri

FRÉTTASKÝRING: Samkeppnismarkaðir eftir bankahrun

Þrjár keðjur með 85% af matvörumarkaði

Þrjár verslanakeðjur ráða langstærstum hluta matvörumarkaðarins. Þær eru Hagar hf., Kaupás hf. og Samkaup hf. Samanlagt eru þessar þrjár aðilar með um 85% markaðshlutdeild þegar miðað er við veltu þeirra á árinu 2010. Langstærsta keðjan, Hagar, er í 62% eigu Arion banka. Fréttablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um samkeppnismarkaði eftir bankahrun.

Arion banki tók yfir smásölurisann Haga hf., sem á og rekur Bónus og Hagkaup, í október 2009 og vistaði í dótturfélagi sínu, Eignabjargi. Miðað við veltu ársins 2010 voru Hagar með um 50% markaðshlutdeild í matvöruverslun á landinu öllu. Samkeppniseftirlitið samþykkti yfirtökuna en setti henni viðtæk skilyrði. Auk þess beindi eftirlitið þeim tilmælum til Arion að bankinn myndi selja Haga frá sér í fleirum en einum hluta í því skyni að auka samkeppni. Í kjölfarið var félagið endurfjármagnað með 15 milljarða króna láni frá Arion og Landsbankanum. Arion tók síðar alfarið yfir umrætt lán. Hagar greiddi

50% var markaðshlutdeild Haga á matvörumarkaði árið 2010.

Arion banka 811 milljónir króna í vaxtagjöld vegna lánsins á síðasta rekstrarári.

Arion banki seldi Búvöllum ehf. 34% hlut í Högum í febrúar á 4,1 milljarð króna. Arion banki á eftir viðskiptin 61,7% hlut í Högum og tveir fulltrúar dótturfélags bankans sitja enn í stjórn Haga. Velta Haga frá 1. mars 2010 til loka febrúar síðastliðins var 66,7 milljarðar króna. Rekstrarhagnaður var 3,2 milljarðar króna og heildarafkoma var jákvæð um 1,1 milljarð króna.

10-11 selt

Vegna tilmæla Samkeppniseftirlitsins var ákveðið að taka 10-11 verslunarkeðjuna út úr Högum og selja hana sér. Hlutdeild hennar í matvöruveltu Haga hafði verið tæp 7% og því minnkaði markaðshlutdeild félagsins lítillega við tilfærslu 10-11. Sú keðja var seld til Árna Péturs Jónssonar í júní síðastliðnum. Kaupverðið var ekki gefið upp en á hluthafafundi félagsins mánuði áður hafði Arion banki breytt 235 milljónum króna af kröfum



MATARINNAKAUP Matvörumarkaður er líkast til sá markaður sem skiptir neytendum einna mestu máli. Töluverðar breytingar hafa átt sér stað innan hans eftir bankahrun.

sínum á fyrirtækið í nýtt hlutfé.

10-11 skilaði nýverið ársreikningi fyrir síðasta rekstrarár. Þar kemur fram að verslunarkeðjan tapaði 1,3 milljörðum króna á tímabilinu.

Eigandi með kyrrstöðusamning

Næststærsta verslanakeðjan á matvörumarkaði er Kaupás hf. sem rekur verslanir undir merkjum Krónunnar og Nóatúns. Keðjan er með um 25% markaðshlutdeild miðað við veltu hennar.

Eigandi Kaupás er Norvik, fjárfestingafélag sem að stærstum hluta er í eigu Jóns Helga Guðmundssonar og félaga sem tengjast honum. Straumborg, aðalfjárfestingafélag Jóns Helga og barna hans, á 22% hlut í Norvik og Jón Helgi á til viðbótar 24% í eigin nafni. Norvik gerði kyrrstöðusamning (e. stand-still agreement) við lánadrottina sína 9. apríl í fyrra, en félagið tapaði 14,7 milljörðum króna á árunum 2008 og 2009. Hann gildir fram

í janúar 2013, eða í um 14 mánuði til viðbótar. Stærsti kröfuhafi Straumborgar er Arion banki og á hann einn fulltrúa í stjórn félagsins.

Rekstur Kaupás gekk vel á síðasta ári og félagið hagnaðist um 464 milljónir króna. Vörusala þeirra verslana sem heyrar undir Kaupás jókst um 2,2 milljarða króna á tímabilinu og var 22 milljarðar króna. Eigið fé var um 800 milljónir króna og því ljóst að matvöruhluti Norvikurveldisins skilaði góðum hagnaði.

Nýir aðilar

Þriðji stærsti aðilinn á matvörumarkaði er Samkaup með um 15% markaðshlutdeild miðað við veltu á rekstrarárinu 2010. Samkaup rekur Samkaupsverslanirnar, Nettó og Kaskó. Félagið er að mestu í eigu Kaupfélags Suðurnesja og Kaupfélags Borgfirðinga. Velta Samkaupa var 19,8 milljarðar króna árið 2009 og hagnaður 324 milljónir króna en félagið hefur ekki skilað ársreikningi fyrir síðasta rekstrarár. Frá bankahruni hafa veir nýir aðilar bæst við í rekstri matvöruverslana, Viðir og Kostur.

Þórður Snær Júlíusson
thorur@frettabladid.is



FATASKÁPADAGAR

25% afsláttur af fataskápum í október



Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is



FÁTÆKT Þrátt fyrir að almenn velmegun sé í Danmörku, hyggjast stjórnvöld kortleggja fátæktarvandann.

NORDICPHOTOS/AFP

Stjórnvöld í Danmörku:

Vilja skilgreina fátæktarmörk

DANMÖRK Stjórnvöld í Danmörku stefna að því að skilgreina fátæktarmörk þar í landi og mun niðurstaða liggja fyrir á næsta ári.

Nokkur umræða hefur skapast um fátækt í Danmörku þar sem deilt er um hvort eigi að einblína á aðstæður innanlands eða setja þær í samanburð við fátækt á heimsvísu.

Talsmaður Róttæka flokksins, sem er einn af stjórnarflokkunum, segir við Berlingske að ákvarða þurfi nauðsynlegar ráðstöfunartekjur. Með það að leiðarljósi megi fara að vinna á fátækt sem sé raunverulegt vandamál í Danmörku. - þj

Tóku amfetamín og stera:

Tekinn dag eftir dag með dóp

LÖGREGLUMÁL Lögreglumenn gerðu nýverið húsléit í íbúðarhúsi á Selfossi vegna gruns um að þar væru seld fíkniefni. Fíkniefnahundur lögreglunnar á Selfossi tók þátt í leitinni.

Í íbúðinni fundust tæp fimm grömm af amfetamíni og nokkrar töflur af sterum og tólum til fíkniefnaneyslu.

Íbúðareigandinn gekkst við að eiga og að hafa notað fíkniefnin.

Daginn eftir höfðu lögreglumenn aftur afskipti af þessum sama manni og þá var hann með um fjögur grömm af kannabisefni í vasa sínum. - jss

Skipti fyrir palestínska fanga: Bjóða milljón fyrir hermann

RIAD, AP Konungsfjölskyldan í Sádi-Arabíu hefur lofað hverjum þeim sem tekur ísraelskan hermann höndum til að skipta fyrir palestínskan fanga, einni milljón dala.

Áður hafði sjeikinn Awadh al-Qarani boðið 100.000 Bandaríkjadali fyrir hvern ísraelskan hermann. Khaled bin Talal prins bætti við 900.000 dölum við nú á laugar-dag. Hann sagðist í yfirlýsingu gera þetta vegna líflátshótana sem Ísraelar eiga að hafa haft uppi við al-Qarani. - rat

KFUM og KFUK færa úkraínskum börnum jólagjöf í áttunda sinn:

Jólin flutt í kössum til Úkraínu

FÓLK Samtökin KFUM og KFUK standa í áttunda sinn fyrir verkefninu Jól í skókassa. Í því er nokkrum jólagjöfum pakkað ofan í skókassa sem síðan eru sendir til þurfandi barna í Úkraínu. Markmiðið er að gleðja þurfandi börn í anda jóllanna.

Um 50 milljónir búa í Úkraínu en þar er mikið atvinnuleysi. Skókössunum er dreift á svæði þar sem er allt að 80 prósentu atvinnuleysi. Kassarnir fara meðal annars á munaðarleysingjahæli, barnaspítala og til barna fátækra einstæðra foreldra.

Tekið er á móti skókössum í aðalstöðvum KFUM og KFUK, Holtavegi 28, alla virka daga frá klukkan 9 til 17, en síðasti skiladagur er 12. nóvember. Frekari upplýsingar um verkefnið er að finna á heimasíðunni skokassar.net. - kóp

KÍKT Í KASSAN Gjafirnar hafa kætt krakkana í Úkraínu undanfarin jól. Ritföng, fót, leikföng, hreinlætisvörur, sælgæti og margt fleira hefur leynst í kössunum.



Kveiktu í Papa John's pizza: Ætluðu að ná viðskiptavinum

FLÓRÍDA, AP Baráttan um yfirhöndina á flatbökumarkaðnum í Flórída er komin á nýtt stig. Tveir yfirmenn Dominos veitingastaða hafa verið ákærðir fyrir að kveikja í húsnæði keppinautarins, Papa John's, í Lake City.

Mennirnir, sem eru 22 ára og 23 ára, sögðu lögreglunni ástæðuna vera þá að viðskiptavinum myndi fjölga á Dominos við það að koma keppinautnum á kné.

Báðir mennirnir hafa verið kærðir fyrir íkveikju og eru í haldi lögreglu. - rat



AIRWAVES 2005 Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves var fyrst haldin 1999 og hefur eflst um allan helming síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Höfuðborgin fær heiðurstítl: Reykjavík góð til hátíðahalda

BORGARMÁL Reykjavíkurborg hefur hlotið sérstakan heiðurstítl sem Hátíða- og viðburðaborg. Þetta var tilkynnt á árlegri ráðstefnu IFEA (International Festivals & Events Association). Verðlaunin eru veitt til að vekja athygli á þeim borgum sem skara fram úr við að styðja viðburði og hátíðir og þykja hafa góða innviði til að halda utan um slíkt starf.

Titillinn telst mikilvægur sem markaðssetningartól til að laða bæði stóra og smáa alþjóðlega viðburði til Reykjavíkur. Í fyrra hlaut Edinborg í Skotlandi titilinn. - shá

Dómstóll í London:

Ræðst hvort Assange verður framseldur

BRETLAND Dómstóll í London mun taka ákvörðun um það á miðvikudaginn kemur hvort Julian Assange, stofnandi Wikileaks, verður framseldur til Svíþjóðar.

Assange var handtekinn í London í desember síðastliðnum og er nú laus gegn tryggingu. Hann er ákærður fyrir kynferðisbrot gegn tveimur konum í Svíþjóð og því hafa Svíar viljað hafa hendur í hári hans. Hann neitar alfarið sök og segir málið vera pólitískt.

Nú hefur verið greint frá því að 2. nóvember klukkan 9.45 verði kveðinn upp úrskurður í framsalsmálinu. - þeb



JULIAN ASSANGE



Myndskreyting: Kristján Dór / FIT / dagsverk.is

„Ein áhrifamesta forvarnarfræðsla sem ég hef upplifað“

Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili **Hvað ef? skemmtifræðslu og býður grunnskólanemum á sýningar í vetur.**

Um er að ræða uppistand og skemmtifræðslu fyrir unglinga, foreldra og kennara um málefni sem ungt fólk stendur frammi fyrir þegar það er að vaxa úr grasi. Með hómorinn og einlægnina að vopni er opnuð umræða um raunveruleika ungmenna á Íslandi og fjallað um mál eins og vímuefni, áfengi, kynferðisofbeldi, ölvunarakstur, einelti og foreldravandamál.

Hvað ef? hefur hlotið fádæma góðar viðtökur og lof áhorfenda og þeirra sem vinna við forvarnir og fræðslu. Nú þegar hafa á þriðja þúsund nemendur og foreldrar séð þetta frábæra verk í boði Íslandsbanka. Verkið er sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

„Ein áhrifamesta forvarnarfræðsla sem ég hef upplifað. Frábær rússíbani og nemendur tala um atriðin lengi á eftir.“
Stefán Helgi

„Þetta var geðveikt leikrit ...!“
Guðrún

„Þetta var mjög skemmtilegt og held að allavegana ég hafi lært eitthvað á þessu :)“
Magdalena



islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

Búa þarf þannig að Landhelgisgæzlunni að hægt sé að hafa nýja skipið á Íslandsmiðum.

Þór er skip nýrra tíma

Óhætt er að segja að tilkoma nýja varðskipsins Þórs marki kaflaskil hjá Landhelgisgæzlunni. Íslendingar eiga nú loksins gæzlu- og björgunarskip sem stentz allar nútíma-kröfur, en Gæzlan fékk síðast splunkuný skip um miðjan áttunda áratug síðustu aldar. Enda segja forsvarsmenn Landhelgisgæzlunnar skipið koma þeim inn í 21. öldina.

Þór er vel búinn til hefðbundinna gæzluverkefna, fiskveiðieftirlits, leitar og björgunar. Skipið getur meðal annars verið fljóttandi stjórnstöð björgunaraðgerða og tengt björgunarsveitir við samhæfingarmiðstöð almannavarna þótt allt venjulegt fjarskiptasamband liggja niðri. Þá getur Þór tekið fyrirferðarmikinn björgunarbúnað og fjölda manna um borð.



SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Nýja varðskipið er sömuleiðis í stakk búíð til að takast á við ýmsar nýjar hættur og ógnir á hafinu í kringum Ísland. Það hefur þannig nægan togkraft til að draga stór olíu- og gasflutningaskip, sem í vaxandi mæli sigla framhjá Íslandsströndum á leið sinni milli Rússlands, Noregs og Norður-Ameríku. Skipið er búíð mengunarbúnaði sem getur skipt sköpum, fari svo að slíku skipi hlekkist á.

Landhelgisgæzlan segir að nýi Þór sé „öflugur hlekkur í keðju björgunaraðila á Norður-Atlantshafi“ og að skipið stóruki möguleika Gæzlunnar á hafinu. Ísland hefur á undanförunum árum, eftir að varnarliðið með þyrlar sínar og annan viðbúnað fór burt af Keflavíkurlugvelli, gert tvíhliða samninga við mörg nágrannaríki um auknið samstarf á sviði leitar, björgunar og öryggismála á hafinu. Tilkoma nýja skipsins auðveldar Íslandi að uppfylla skyldur sínar í þessu samstarfi.

Forsenda þess er þó að sjálfsögðu að Landhelgisgæzlan fái þær fjárveitingar sem þarf til að halda nýja skipinu úti. Undanfarin misseri hefur verið þrengt svo að rekstri Gæzlunnar að það er á mörkum þess að vera forsvaranlegt. Gömlu varðskipin tvö, Ægir og Týr, hafa ekki verið á Íslandsmiðum síðan í vor, heldur hafa þau verið leigð út, meðal annars til Landamærastofnunar Evrópusambandsins.

Þetta fyrirkomulag hefur sloppið fyrir horn vegna þess að ekki hefur komið upp neyðarástand hér við land þar sem skipin vantaði tilfinnanlega. Auðvitað er líka jákvætt að Landhelgisgæzlan geti lagt sitt af mörkum í alþjóðlegum verkefnum, til dæmis við björgun flóttamanna á Miðjarðarhafi. Nýi Þór þarf hins vegar að vera hér við land ef hægt á að vera að bregðast við þeim hættum sem skipið er sérstaklega hannað til að mæta.

Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæzlunnar, sagði í Fréttablaðinu fyrir helgi að stefnan væri að Þór yrði hér við land út næsta ár hið minnsta, en ekki væri hægt að útiloka að skipið yrði leigt út. Æskilegast er að þannig verði búíð að Landhelgisgæzlunni að komist verði hjá því.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki farið eftir tilmælum

Í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út í mars var mælt til þess að eftirlit með stjórnsýsluverkefnum Bændasamtakanna yrði fært frá samtökunum sjálfum til Matvælastofnunar. Var það mat Ríkisendurskoðunar að efla þyrfti eftirlit með framlögum til landbúnaðar auk þess sem óæskilegt væri að sami aðili annaðist framkvæmd og eftirlit. Í nýju fjárlagafrumvarpi er hins vegar ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á fyrirkomulaginu.

Sparnaður í kerfinu?

Í frétt um málið á vefsíðu Bún- aðarsambands Suðurlands er haft eftir sjávar-

útvegs- og landbúnaðarráðuneytinu að ekki sé nauðsyn á því að færa verkefni. Bændasamtökin taki hóflegt gjald fyrir veitta þjónustu og ljóst sé að tilflutningur verkefnanna muni þýða aukin útgjöld, segir í fréttinni. Ekki er ástæða til að efast um það að Bændasamtökin geti haft eftirlit með sjálfum sér með minni tilkostnaði en aðrir. Nú er bara spurning hvort ekki sé hægt að spara víðar í stjórnkerfinu með þessum hætti, til dæmis með því að láta bankana sjá sjálfa um fjármálaeftirlit? Eða hvað, það er kannski ekki sérstaklega góð hugmynd?



Skrítin umræða um Bakka

Halldór Blöndal, fyrrum ráðherra, birti grein í Morgunblaðinu á laugardag um þá ákvörðun Alcoa að hætta við fyrirtælanir sínar um álver á Bakka. Eins og fleiri kennir Halldór ríkisstjórninni um og segir það alrangt að ekki sé næg orka á svæðinu. Þetta ættu að vera tíðindi fyrir Landsvirkjun en forsvarsmenn fyrirtækisins hafa fullt að ekki sé hægt að afhenda Alcoa nauðsynlega orku innan tímaramma fyrirtækisins og neitað því að nokkur pólitísk afskipti séu af Landsvirkjun.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

KONUKVÖLD

MIÐVIKUDAGINN 2. NÓVEMBER

Frá 18:30-21:00

ÓTRÚLEG TILBOÐ
30% af allri JÓLAVÖRU
30% af MARSEILLE sápum
30% af öllum kertum
25% af öllum púðum
30% af öllum mottum

KYNNINGAR
Karl K. Karlsson
Hafliði súkkulaðimeistari
Búrið
Sápur og það

DAGSKRÁ
Lifandi tónlist
Páll Óskar
Frostrósir
Happdrætti

ILVA Korputorgi, sími 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18
mánudaga - föstudaga 11-18:30

Stórt skref til eflingar starfsmámi

Menntamál



Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningar- málaráðherra

Í dag úthlutar mennta- og menningar- málaráðuneytið styrkjum til fyrirtækja og stofnana sem taka nemendur í starfs- þjálfun sem er hluti af starfsmámi á fram- haldsskólastigi. Þetta er merkur áfangi í eflingu starfsmáms því að þetta er í fyrsta sinn sem slíkir styrkir eru veittir af almannafé. Markmiðið er að greiða fyrir því að starfsmáms- nemendur geti lokið tilskilinni starfsþjálfun á vinnustað.

Samtök á vinnumarkaði hafa lengi kallað eftir því að fyrir- tæki fái þóknun fyrir að annast þá kennslu eða þjálfun á vinnu- stað sem er skilyrði fyrir því að nemendur fái lokið starfs- mámi að fullu. Styrkir til vinnu- staðanáms tíðkast meðal ýmissa grannþjóða okkar. Þá var það niðurstaða tilraunar sem gerð var árið 2004 að æskilegt væri að jafna kostnað fyrirtækja við vinnustaðanam. Að lokum hefur nokkuð borið á því í efna- hagsþrengingum undangenginna ára að nemendur hafi átt erfitt með að komast á námssamning og ljúka námi sínu. Með styrkjum til vinnustaðanáms eru fyrir-

tæki og stofnanir hvött til þess að taka við nemendum í starfsþjálfun og gera þeim kleift að ljúka námi sínu.

65 umsóknir bárust um framangreinda styrki frá fyrirtækjum og stofnunum og verður unnt að úthluta 57 milljónum króna í styrki til umsækjenda. Um 170 nemendur njóta góðs af. Í ár eru styrkir veittir af mennta- og menningarmálaráðuneytinu en á næsta ári verður stofnaður sér- stakur vinnustaðanámsstjóður til að efla vinnustaðanam og koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana sem annast kennslu eða þjálfun starfsmámsnemenda. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að verja 450 milljónum króna til vinnustaðanáms árin 2012-2014.

Með úthlutun styrkjanna í dag er stigið stórt skref til að efla starfsmám í landinu. Ég vona að ekki einasta muni fyrirtæki í auknum mæli taka að sér nemendur í starfsþjálfun heldur sinna kennslu og þjálfun með sífelld markvissari hætti og leggja þannig sitt lóð á vogarskálarnar við að mennta þann starfskraft sem þörf er á hverju sinni.

Eigi skal höggva

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Í síðustu viku voru haldnir í Hörpu heimsleikarnir í hagfræði. AGS kvaddi hingað alls kyns heimsfræga hagfræðinga til að leggja mat á það hvernig til hefur tekist við endurreisn Íslands. Stjórnmalamenn og aðrir gæslumenn hagsmuna eru náttúrulega þegar í óða önn að vinsa úr það sem hentar hverjum og einum að halda á lofti en stinga hinu undir stól. Þannig gengur það – en almennt talað var sláandi hversu ánægðir þessir hagfræðingar voru upp til hópa með árangur Íslandinga eftir hrun: þeir voru hrifnir af krónunni og ómældum möguleikum til að fella hana og skerða þannig kjör almennings án þess að

sannleikurinn og lífið. Við þurfum að muna að hagfræðingar vita ekkert meira um lífið en við hin. Þeir vita ekkert meira um réttlætið, hamingjuna, hjálpræðið eða heilsuna. Þeir hafa sínar takmörkuðu forsendur. Til dæmis hagvöxt sem er hávaðinn í samfélaginu, umsvifin, burtséð frá því hversu gáfuleg þau eru. Samkvæmt hagfræðinni er til dæmis viskulegra að byggja risa-sjúkrahús í Þingholtunum í Reykjavík en að veita aukíð fé í rekstur spítala þegar eru til – og búa við fjársveiti. Byggingafrákvæmdum fylgja meiri umsvif – meiri hávaði í hagkerfinu. Við hin vitum hins vegar að það verður að fara að hætta þessum eilífa niðurskurði í rekstri heilbrigðiskerfisins.

Fyrir okkur öll

Flestir þekkja það af eigin raun hversu frábært fólk starfar á íslenskum sjúkrahúsum – og gerir enn þrátt fyrir endalausn niðurskurð og markvissa viðleitni stjórnvalda til að flæma

Hagfræðin mælir ekki angist sjúklings sem veit ekki hvort honum verður vísað heim á morgun eða hinn. Hún mælir ekki öryggisleysi starfsfólks sem veit ekki hvað komandi fjárlög bera í skauti sér fyrir lífsstarf þess.

þurfa beinlínis að lækka launin; þeir voru hrifnir af niðurskurðinum á fjárlögum og þeir voru hrifnir af því hversu atvinnuleysis-tölur hafa staðið í stað.

En umfram allt virtist allt þetta fólk afar hrifið af því hversu vel Íslendingum hefði tekist að standa vörð um sitt „glæsilega velferðarkerfi“ eins og Emat Shafik, aðstoðarfrákvæmdastjóri AGS, orðaði það í samtali við Egil Helgason í Silfrinu í gær.

Á bak við tölurnar

Jamm. Bak við þetta allt saman er nú samt einhvers konar raunveruleiki. Öll þekkjum við (en ekki þau) þá geggjum sem felst í því að búa við krónuna og verðtrygginguna sem henni fylgir og þegar við bætist verðtrygging og ströng séreignastefna á húsnæði ásamt miklum félagslegum þrýstingi að skuldsetja sig til bílakaupa verður veruleikinn óneitanlega ófrýnilegri „en hagfræðina þína grunar“.

Atvinnuleysistölur kunna að vera lágar – en hversu margir hafa flutt af landi brott og fundið sér góða vinnu og gott þjóðfélag – og góða framtíð fyrir börnin sín? Hvaða fólk er þetta? Er þetta fólkíð sem hefur í sér döngun og dug til að drífa sig burt frá rigningunni og rokinu og röflinu og skuldunum? Er þetta menntað fólk? Læknar og hjúkrunarfræðingar? Er þetta fólk sem ynt er að missa? Gæti svo farið að Íslands biði það hlutskipti sem sum kaupún úti á landi þekkja, að lenda í víta-hring fólksfækkunar og úrræðaleysis? Getur hugsast að Ísland verði eilífðar-útkjálki, verstöð þar sem mikil verðmæti skapist í hráefnavinnslu en beint og óbeint sé stuggað við sérhæfðu og menntuðu vinnuafli? Gæti samfélagið sogast ofan í slíkan sveig?

Hagfræðingarnir vega og meta, mæla og pæla, skoða tölur og takast á um rök. Við megum samt ekki halda að hagfræðin sé vegurinn,

heilbrigðisstarfsfólk til Skandinavíu, einkum Noregs og Svíþjóðar. Góðir spítalar þar sem gott starfsfólk fær að njóta sín í hvetjandi umhverfi skipta samt meira máli en næstum því allt annað – fyrir okkur öll, hvað sem við heitum, hvað sem við gerum, hvað sem við þykjumst vera. Öll eigum við ástvinu sem hafa þurft á þjónustu spítalanna að halda og flest eigum við í vændum að veikjast og liggja varnarlaus, þjáð og öðrum háð í sjúkrarúmi. Það er hreinlega ekki sæmandi síðuðu samfélagi að láta einungis endalaus sparnaðarsjónarmið ráða þegar kemur að því að reka heilbrigðiskerfi sitt. Það er dýrt og það verður dýrt og það á að vera dýrt.

Við ætlumst til þess að fólkíð sem vinnur þessi sérhæfðu og dýrmætu störf sé vel launað og geti látið stjórnast fyrst og fremst af mannúðar- og líknarsjónarmiðum fremur en að hugsa alltaf bara um afköst og nýtingu. Hvað sem líður landlögum þar er íslenskt samfélag hundríkt og hefur vel efni á því að rekja sómasamlegt heilbrigðiskerfi.

Hagfræðin mælir ekki angist sjúklings sem veit ekki hvort honum verður vísað heim á morgun eða hinn. Hún mælir ekki öryggisleysi starfsfólks sem veit ekki hvað komandi fjárlög bera í skauti sér fyrir lífsstarf þess. Hún mælir ekki þau lífsgæði sem felast í traustu og vel reknu heilbrigðiskerfi.

Haldi menn áfram að höggva svona og höggva í heilbrigðiskerfið, flæma lækna og hjúkrunarfræðinga úr landi, neita að kaupa ný tæki, loka deildum og þar fram eftir götunum er raunveruleg hætta á að heilbrigðiskerfinu okkar hraki skyndilega mikið – hrapi niður á nýtt stig – og erfitt og dýrt verði að ná aftur fyrri gæðum.

Það vill enginn – nema kannski hagfræðingar.

Mikið mál?



SagaPro fæst í heilsuvöruverslunum, apótekum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.

Náttúruvörur úr íslenski ætíhvönn

Minna mál með SagaPro

Tíð næturþvaglát eru heilmikið mál fyrir marga karlmenn. SagaPro er náttúruvara úr íslenski ætíhvönn ætluð þeim sem eiga við þetta vandamál að etja. Með SagaPro fækkar næturferðum á salernið og þar með færðu betri hvíld.



SAGAMEDICA
www.sagamedica.is

www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afli sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölum og láta til sín taka á sverum truckum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kaupkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki biða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að euka árangur þinn í lífinu.

NÝI
ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00

Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegri er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





EINAR BENEDIKTSSON SKÁLD (1864-1940) fæddist þennan dag.
„Nú finnst mér það allt svo lítið og lágt, sem lifað er fyrir og barist er móti.“

Pór Breiðfjörð á Café Rosenberg

Söngvarinn Þór Breiðfjörð heldur tónleika á Café Rosenberg við Klapparstíg ásamt hljómsveit sinni föstudaginn 4. nóvember klukkan 22.

Flutt verða lög eftir Þór og ný smáskífa hans, sem farin er að hljóma á öldum ljósvakans og ber nafnið Vetrarmorgunn, verður frumflutt á tónleikunum, ásamt velþekktum uppáhaldslögum.

Þór er bæði söngvaskáld og leikari og mun fara með aðalhlutverk í uppfærslu Þjóðleikhússins á söngleiknum Vesalingarnir eftir áramótin.



Þór Breiðfjörð syngur á Café Rosenberg á föstudagskvöld.

ÞETTA GERÐIST: 31. OKTÓBER 1955

Margrét prinsessa aflýsir giftingu

Margrét Bretaprinsessa sendi frá sér yfirlýsingu 31. október 1955 þar sem hún lýsti því yfir að hún væri hætt við að giftast hinum frásýlda flugdeildarforingja Peter Townsend. Samband þeirra hafði vakið mikla andstöðu og hefðu þau giftast Margrét þurft að afsala sér tilkalli til krúnunnar þar sem hann var frásýllinn.

Samkvæmt breskum lögum mátti Margrét ekki giftast fyrir 25 ára aldur án leyfis eldri systur sinnar, Elísabetar drottningar, og eftir

það ekki án samþykkis breska þingsins. Hún varð 25 ára í ágúst 1955 og þingið hafði þegar lýst yfir að það myndi ekki samþykkja þennan ráðahag.

Margrét sagði þó í yfirlýsingu sinni að hún hefði tekið ákvörðunina upp á eigin spýtur og eingöngu tekið mið af kenningum kirkjunnar um að hjónaband ætti að endast út ævina. Svo merk þóttu þessi tíðindi að BBC rauf útsendingu til að lesa yfirlýsingu fyrir alþjóð.



ANNA MARGRÉT ÓLAFSDÓTTIR: OPNAÐI LEIKJASÍÐU Á SJÖ TUNGUMÁLUM

Þetta á að vera skemmtilegt

„Vefurinn fór í loftið núna í vor og um helgina kom fimmti leikurinn inn á síðuna sem er á sjö tungumálum,“ segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólalastjóri á Nóaborg, sem ýtt hefur úr vör vefsíðunni paxel123.com þar sem eru leikir sem eiga að örva læsi í stærðfræði og móturmáli fyrir börn frá fjögurra ára aldri. „Þetta er byggt á leikjum og viðfangsefnum sem ég bjó til fyrir tólf árum í tengslum við þróunarverkefni sem ég var að vinna. Leikirnir hafa verið mjög vinsælir hjá börnunum hér á Nóaborg allan þennan tíma og þess vegna fór ég að leita leiða til að koma þessu á framfæri svo fleiri gætu notið þess,“ segir Anna Margrét.

Leikjavefurinn er ókeypis, þar eru engar auglýsingar, engin skráning, engum persónuupplýsingum safnað eða miðlað. „Þetta er eins öruggt og það getur orðið,“ segir Anna Margrét. „SAFT (Safer Internet Action Plan) á Íslandi hefur verið að kynna verkefnið erlendis við mjög jákvæðar undirtektir í sumar og haust. Markhópurinn er krakkar sem eru að byrja að nota tölvur þannig að allir leikirnir eru glaðir og litríkir, allar myndir handteiknaðar og Eyþór Gunnarsson og dóttir hans, Elín Ey, hafa samið tónlistarstef við hvern leik fyrir sig. Ég er með ein-tóma snillinga í kringum mig í þessu verkefni og fólk er ótrúlega tilbúið til að leggja sitt af mörkum, það er ómetanlegt.“

Verkefnið er eingöngu rekið með styrkjum og þeir stærstu hafa komið frá Nordplus språk og kultur. „Upphaflega var verkefnið reyndar styrkt sem leikjasíða fyrir sænsk börn á sænsku,“ segir Anna Margrét og hlær. „En síðan fékk ég styrk frá Kennarasambandi Íslands til að gera þetta á íslensku og síðan hefur boltinn rúllað hratt.“ Leikirnir eru nú á öllum norðurlandtungumálunum, nema finnsku, auk færeysku og grænlensku. Þýðing á finnsku er í bígerð og fleiri tungumál eru væntanleg, að sögn Önnu Margrétar. „Við erum að þróa suma leiki yfir í apps fyrir iPhone og iPad, og greiðsla fyrir niðurhal gæti í framtíðinni hjálpað til við að þróa síðuna áfram, bæta við leikjum og tungumálum.“

Anna Margrét segist hafa verið í góðu samstarfi við kennara á



MIKILL ÁHUGI „Ég hef fengið alveg ótrúlega jákvæðar undirtektir, segir Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólalastjóri á Nóaborg, sem þróaði leikjasíðuna paxel123.com. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norðurlöndunum og hafi Danir tekið sérstaklega vel á móti síðunni en einnig sé algengt að Íslendingar búsettir á Norðurlöndunum beini börnunum sínum inn á síðuna endi henti hún vel fyrir tvítýngd börn. „Flestir notendur núna koma frá Danmörku,“ segir hún. „Ég hef fengið alveg ótrúlega jákvæðar undirtektir þaðan og er einmitt að

fara núna í nóvember til Kaupmannahafnar til að funda með fullt af fólki sem hefur áhuga á síðunni. Þetta er allt óskaplega spennandi. En mestu skiptir auðvitað að krökkunum finnst þetta skemmtilegt og þetta á að vera skemmtilegt. Og á meðan mér sjálfri finnst þetta skemmtilegt þá held ég áfram.“ FRÍDRÍKAB@FRET TABLAÐIÐ.IS



Elskuleg háöldruð móðir okkar og ættmóðir fjögurra ættiliða,

Hansína F. Guðjónsdóttir
áður búsett að Grandavegi 47,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí 18. október sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Skjólís fyrir dásamlega umhyggju og hlýju. Þökk sé öllum sem hafa sýnt vinar- og samúðarhug.

F.h. afkomenda,
Pröstur Sveinsson
Rúnar Sveinsson
Inga Björg Sveinsdóttir
Halldór Sveinsson



Yndislegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, tengdasonur og afi,

Franklín Friðleifsson
Nónhæð 1, Garðabæ,

sem varð bráðkvaddur á heimili sínu fimmtudaginn 20. október, verður jarðsönginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ miðvikudaginn 2. nóvember kl. 11.00.

Heiðbjört Harðardóttir
Sólveig Franklínisdóttir
Valgerður Franklínisdóttir
Halla Ágústsdóttir
Franklín Ernir, Alexander Snær og Viktor Máni



Hjartkær föðursystir mín, mágkona og afásystir,

Hildur Thorarensen
áður til heimilis að Hagamel 42,
Reykjavík,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, laugardaginn 22. október. Jarðarförin fer fram frá Neskkirkju þriðjudaginn 1. nóvember kl. 13.00.

Ingibjörg Thorarensen
Þóra Ölversdóttir
Þórey Inga og Lovísa Rán



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Sirrý laðar til sín það góða

Sigríður Arnardóttir, Sirrý, verður með opið fræðslunámskeið í Heilsuborg í Faxafeni 14 þriðjudaginn 1. nóvember frá klukkan 19.30 til 22.

Fyrirlestur hennar ber yfirskriftina Að laða til sín það góða. „Þetta er léttur og kraftmikill fyrirlestur þar sem þátttakendur fá í nesti tæki og töl til að halda út í framtíðina bjartsýnir og upplifsdjarfir og laða að sér hamingjudaga,“ segir Sirrý um efni námskeiðsins.

Meðal þess sem hún fjallar um eru spurningar eins og „Hvað er það mikilvægasta í lífinu og hverju

getum við stjórnað?“, „Hvernig löðum við að okkur góða strauma og hamingju?“ og „Hvernig gefum við af okkur jákvæða mynd og eflum tengslanetið?“

Sirrý er félags- og fjölmiðlafræðingur og hefur áralanga reynslu af námskeiðahaldi í samskiptafærni. „Fyrirlestarnir mínir fjalla um að halda í kraft og sjálfstraust þrátt fyrir mótbyr og krefjandi tíma. Það hefur alltaf verið húsfullir og um að gera að skrá sig sem fyrst hjá Heilsuborg í Faxafeni 14,“ segir hún.



FRÆÐSLUNÁMSKEIÐ HJÁ SIRRÝ „Fyrirlestarnir mínir fjalla um að halda í kraft og sjálfstraust,“ segir Sirrý. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Gamla góða pressukannan stendur alltaf fyrir sínu og á vinnustöðum þar sem stórar iðnaðarvélar þjóna starfsfólki getur verið sniðugt að koma með pressukönnuna að heiman einstaka sinnum og hella upp á eigið ilmandi kaffi.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER Járn & Gler hf. Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík s: 58 58 900 www.jarngler.is

Sýning Handverks og hönnunar verður opnuð í Ráðhúsinu á fimmtudag.



Sýna glóðvolgar nýjungar

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SCHELL

Snertifrí handlaugartæki frá SCHELL

Þýsk gæðavara



Verð frá **52.522**

IOI ÍSLEIFUR JÓNSSON Dragháls 14 - 16 110 Reykjavík Sími 4 12 12 00 Fax 4 12 12 01 www.isleifur.is

Við erum mjög spenntar. Við höfum ekki tekið þátt áður og verðum þarna í góðum hópi fólks," segir Árný Þórarinsdóttir en hún og Helga Guðrún Vilmundardóttir

mynda saman hönnunartvíeykið Stáss og munu sýna hálsmen og heimilisvörur á sýningu Handverks og hönnunar í Ráðhúsinu. „Við munum sýna nýja línu hálsmena úr dufthúðuðu áli, bæði með

rúskinnreimum og keðjum. Við frumsýnum einnig glænýja heimilisvöru sem framleidd er hér á landi og hefur sterka skírskotun

FRAMHALD | 3

TILBOÐSDAGAR

Gerid gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur

10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum. (Gildir ekki með öðrum tilboðum)

20% AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

VALHÖLL, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900**.

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA

PROFLEX

2x90x200

Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa ★★★★★

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00



GLÆSILEGAR DANSKAR
INNRETTINGAR
Í ÖLL HERBERGI HEIMILISINS

KOMDU MEÐ EÐA SENDU
OKKUR MÁLIN OG VIÐ
HÖNNUM, TEIKNUM OG GERUM
ÞÉR HAGSTÆTT TILBOÐ.

ARKITEKTÞJÓNUSTA

Friform

Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500
Fax: 544 2060 • www.friform.is

**HOLLUR
BITAFISKUR**

+80% prótín
Fiskneysla er góð
fyrir heilabúið

GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired,
Keflavíkurflugvelli

**HITA
KÚTAR**

Amerísk gæða
framleiðsla

30-450
lítrar

Umboðs-
menn um
land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c • 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 • RAFVORUR@RAFVORUR.IS

**Gefðu
vatn**

Hjálparstarf
kirkjunnar

www.help.is



Erla Guðmundsdóttir, tíu ára, lærði að þrjóna fyrir ári hjá móður sinni og afraksturinn í hannyrðunum er meðal annars peysur, húfur, treflar og á annan tug barnaskópara.

Tíu ára gömul og framleiðir barnaskó

Þótt Erla Guðmundsdóttir sé aðeins tíu ára gömul hefur hún síðustu vikur framleitt og selt barnaskó sem vakið hafa mikla athygli. Hugmyndin var upphaflega að safna fyrir miða á Frostrósartónleika.

Erla Guðmundsdóttir er tíu ára og æfir söng. Hana langaði mikið til að fara á Frostrósartónleika og fékk þá hugmynd að hún gæti nýtt sér hannyrðakunnáttu sína og selt afrakstur hennar til að safna sér fyrir miðanum. Úr varð að hún fór að framleiða barnaskó í alls kyns stærðum, sem eru þrjónaðir í margbreytilegum litum úr ull og þæfdir.

„Ég lærði að þrjóna hjá mömmu minni fyrir um ári síðan og hef gert ýmislegt, peysu handa frænku minni, trefla, húfur og fleira. Svo sá ég mömmu gera svona skó, sem hún var bara að gefa í gjafir,

afmælisgjafir og slíkt, og ákvað að prófa sjálf,“ segir Erla en móðir hennar segir dótturina algera maskínu í þrjónaskapnum.

Eftir að hugmyndin kom upp um að Erla myndi safna sér fyrir tónleikamiðanum fór hún að selja skóna á hárgreiðslustofu móður sinnar, Hársnyrtistofu Söru í Grafarvog. Þar hafa þeir vakið mikla athygli viðskiptavina, bæði þeir sem eru úr klassískum ljósum og grátóna ullarlitum og svo lit-skrúðugri gerðir og framleiðslan hefur undið upp á sig.

„Þá fór frænka mín með nokkur pör í vinnuna til sín og seldi þar.

Jú, mér finnst mjög gaman að gera skóna og ekki sérlega erfitt, nema kannski að gera hringina,“ segir Erla.

Erla þrjónar yfirleitt eitthvað á hverju kvöldi en annars er mikið að gera hjá henni því auk skólans og söngsins æfir hún körfubolta. Því nýtast kvöldin ágætlega og Erla segir að yfirleitt sé kveikt á sjónvarpinu sem hún kíki þá stundum á yfir vinnunni. Hún segist hvergi nærri hætt í framleiðslunni meðan eftirspurn er fyrir hendi þótt hún nái að safna fyrir tónleikamiðanum.

juliam@frettabladid.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT
Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI**

m.visir.is
Fáðu Vísir í símann og íPadi!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísir.

Meiri Vísir.

vísir

Gólfdukur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins



Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft



Forstofan
einfaldara verður það ekki



Stofan
alltaf jafn heimilislegt



Baðherbergið
hlýtt og mjúkt undir fæti

Heimilisdukur, sígild lausn:
-léttur í þrífum -auðveldur í lögn -glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með
gólfdukk og teppi

KJARAN
GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

LANDMARK

FASTEIGNASALA

SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

512 4900

www.landmark.is!



Magnús Einarsson
löggitur fasteignasali



Þórarinn Thorarensen
sölustjóri



Sigurður Samúelsson
löggitur fasteignasali



Sveinn Eyland
löggitur fasteignasali



Kristberg Snjólfsson
sölufultrúi



Friðbert Bragason
sölufultrúi



Eggert Mariuson
sölufultrúi



Sigrún Hákonardóttir
vöðskiptafræðingur -
skjalagerð

Árangur - Fagmennska - Framsækni

RE/MAX Senter



Auður Kristinsdóttir
Sölufultrúi RE/MAX
audur@remax.is

**Vegna mikillar sölu
vantar allar gerðir
eigna á skrá**



Ástþór Reynir
Guðmundsson
Lögg. Fasteignasali

Verðmetum eign þína
þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

S: 414-4700

RE/MAX Senter

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



VÍSIR



Lóðin í kringum húsið er ræktuð og frágengin.

Einbýlishús í grónu hverfi

Fasteignamarkaðurinn kynnir fallegt einbýlishús í Garðabæ með arin og heitum potti.

Fasteignamarkaðurinn ehf. kynnir 173 fermetra einbýlishús að Aratungu í Garðabæ að meðtöldum 38,3 fermetra bílskúr. Húsið er í grónu hverfi og er gróðurhús á lóðinni. Nánari lýsing er eftirfarandi: Komið er inn í teppalagða forstofu. Þar er gestasnyrting með glugga, mósaíklögðum veggjum og parketi. Holið er parketlagt með skápum. Stofan, sem er parketlögð, er rúmgóð með aukinni lofthæð. Útsýnis nýtur úr stofu til sjávar.

Eldhúsið er með hvítri innréttingu og flísum á milli skápa. Á gólfinu er parket. Tengt er fyrir uppþvottavél í eldhúsi og þar er góð borðaðstaða. Rúmgott

þvottaherbergi er inn af eldhúsi með glugga. Gólf og veggir eru mósaíklagðir. Þar er innrétting, vinnuborð og útgangur á lóð. Í sólskála er arinn og náttúruskífa á gólfi. Þaðan er útgengt á hellulagða verönd og lóð.

Svefnangur er parketlagður. Hjónaherbergi er parketlagt með fataskápum. Barnaherbergin eru tvö og bæði parketlögð. Annað er stórt og hitt með fataskápum. Baðherbergið er flísalagt með mósaíkveggjum og glugga.

Bílskúr er rúmgóður, raflýstur og með glugga og göngudyrum. Skipt var um járn á þaki bílskúrs fyrir tíu árum. Húsið að utan er í nokkuð góðu ásigkomulagi. Skipt var um járn á þaki fyrir tíu árum. Lóðin er 660 fermetrar, ræktuð og frágengin. Gróðurhús er á lóð og heitur pottur með nuddi.



heimili
FASTEIGNASALA



Bogi Mólby
Pétursson
lögg. fasteignasali



Finnþógi
Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Andri Sigurðsson
Sölufultrúi og
lögg. leigumíðlari.



Tryggvi
Komeilunsson
sölufultrúi



Ásdís Inna
Sigurðardóttir
skjalagerð

530 6500

Skipholti 29a
Opð mán. - fös. frá kl. 9-17
www.heimili.is



Sævargarðar - raðhús.
Mjög fallegt og vel skipulagt raðhús á tveimur hæðum innst í botnlanga á eftirsóttum stað á Seltjarnarnesi. Áhr. mjög hagstæð lán. V. 54 m.



Blöndubakki - 4ra herbergja.
Mjög góð íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjöbýlishúsi við Blöndubakka. Þrjú svefnherbergi. V. 18,9 m.



Rauðalækur - hæð með bílskúr.
Góð 140,9 fm hæð ásamt 21,3 fm bílskúr eða samtals 162,2 fm í fallegu fjöbýlishúsi. Þrjú svefnherbergi. Góð staðsetning, sunnanmegin í göttunni. V. 36,9 m.



Laugateigur - 3ja herb
Góð mikið endurnýjuð 70 fm íbúð með sérinnangi. Nýleg gólfefni, innréttingar og lagnir. Góð íbúð á rölegum stað í bakhúsi. V. 16,9m. Áhr. 11,8m.



Hófgerði - Einbýli í vesturbæ Kóp.
Sérlega vel skipulagt hús á góðum stað í vesturbæ Kóp. Fjögur svefnherbergi og stofur. Húsið er mikið endurnýjað. Stór og gróin lóð. V. 39,0 m.



Þrymsalir - tveggja íbúða glæsieign.
Vandað einbýli á tveimur hæðum með tveimur íbúðum. Sú minni um 135 fm og sú stærri um 270 fm með bílskúr. Vandaðar innréttingar, gólfefni og tæki. Frábær staðsetning í þaðri byggðar, fallegt útsýni. Sannkölluð eign fyrir störfólkskylduna



Barmahlíð - sérhæð með bílskúr.
Vel skipulögð neðri sérhæð ásamt bílskúr. Þrjú rúmgóð herbergi og stofa. Tvönnar svalir í suður og norður. Stór sameiginlegur sólpallur. Góð staðsetning í Hlíðunum. V. 34,9 m.



Fannaföld - einbýli
Gott 180 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 42 fm bílskúr og sólstofu. Fallegur garður í góðri rækt. 3 svefnherbergi og góðar stofur. V. 44,5 m.



Holtagerði 20 - Sérhæð með bílskúr
Góð 143fm neðri sérhæð í tvíbýli ásamt bílskúr í vesturbæ Kópavogs. Þrjú góð herbergi og stofa V.29,9m
Opð hús miðvikud. 2 nów milli 18 og 19. Verið velkomin!



Furugrund - 2ja
Góð 55 fm íbúð á 2. hæð. Góð staðsetning við Fossvoginn. Stórar svalir. V. 15,9 m

Heimili fasteignasala - PINN hagur er okkar metnaður.



Stakfell

Grunnur að góðu lífi

535_1000

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk

Aðalheiður Karlsdóttir
lögg. fasteignasali
stakfell.is

Þorlákur Ómar Einarsson
sölustjóri
Fax 535 1009



Lækjarhjálli - 200 Kóp
Vel staðsett og notaleg efri sérhæð og hluti af jarðhæð ásamt rúmgóðum bílskúr, samtals 220,5 fm. í suðurhlíðum Kópavogs. Tvær íbúðir, báðar með sérinngangi. LÆKKAÐ VERÐ: 44.800.000.

OPIÐ HÚS Í DAG KL 17-17.30



Norðurbrú - 210 Grb.
Snyrtileg 106,4 fm 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér afgirta verönd í Sjálandinu. Verð 26.9 millj.

Vantar 3ja herb íbúð
í lyftuhúsi í 101-108

Vantar 3ja-4ra herb.
íbúð í salahverfi Kóp.

Vantar 150-200 fm sérbylí,
par, raðhús eða hæð í 101

Erum með 4ra herb íbúð í
Sjálandshverfi í skiptum fyrir
einbylí í Garðabæ



Álftamýri - 108 Rvk
75fm, 3ja herb íbúð. Eignin skiptist í anddyri, baðherbergi, 2 svefnh., eldhús og stofu. Verð 17.9 millj.



Örvasalir - 201 Kóp.
368,4 fm. glæsilegt einbýlishús sem skiptist í kjallar, hæð og efri hæð með póllum á milli hæða. Húsið afhendist fókelt með grófjafnaðri lóð.



Kvíslartunga - 270 Mos
Fallegt 242,6 fm parhús á tveimur hæðum, þar af 24 fm bílskúr. Laus strax, þarfnast lagfæringa. Verð 39.7 millj.



Skípholt 50 - 105 Rvk
176,9 fermetra íbúð, þar af 32,0 fermetra bílskúr. Sérinngangur og fallett útsýni til suður í átt að Háteigskirkju.



Sólheimar - 104 Rvk
Fallegt og vel skipulögð 88,5 fm 3ja herb. íbúð á 6. hæð í þessu vinsæla lyftuhúsi. Opið eldhús. Tvennar svalir. Einstakt útsýni til suðurs og austurs. Verð 22.9 millj



Norðurbacki - 220 Hfj.
Glæsilega 104,4 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð í 4ra hæða lyftuhúsi. Tvennar svalir 3,7 fm þg 9,3 fm. Stæði í bílskyl. Íbúðin fullbúin með gólfefni. Verð 26 millj.



Mánatún - 105 Rvk
Glæsileg 3ja herbergja íbúð með stæði í bílskylí miðsvæðis í Reykjavík. Eignin er laus til afhendingar í desember. Aðeins 4 íbúðir eftir í húsinu.



Vindás - 110 Rvk
Snyrtilega 3ja herb. 85,6 fm íbúð á 2. hæð. Sér stæði fylgir í lokuðu bílskylí. Sam. þvottahús er á hæðinni. LAUS STRAX. Lyklar á skrifst. Verð 18,5 millj.



Rauðagerði - 108 Rvk
344,7 fm. tvílyft auk 38,7 fm. bílskúrs miðsvæðis í Rvk. Tvær góðar íbúðir eru í húsinu í dag, en auðvelt er að breyta húsinu aftur. Verð kr. 86.000.000.



Ásakór - 203 Kóp
140 fm 4ra herb. íbúð m/stæði í bílskylí. Stutt í fallegar náttúruperlur. Verð 28,6 millj.



Seilugrandi - 107 Rvk
Einstaklega fallett 207,3 fm einbýli á 2. hæðum m/ 23,4 fm innb. bílskúr. 3. stór svefnh., hægt að bæta við 1-2. Stór verönd og gróinn garður. Verð 69,5 m.



Naustabryggja - 110 Rvk
Glæsilegt 239,2 fm. endaraðhús. 3-4 svefnh., stórar suðursvalir. Hagstæð lán geta fylgt. Útsýni á Esjuna og sundin. Lækkað verð. 55,9 millj



Hamrabýggð - 220 Hfj
193,7 fm 5 herb. einbýli þar af 35 fm bílskúr. Snyrtileg eign í nálægð við golfvöll. Timburverönd með heitum potti. Áhvilandi hagstæð lán til yfirtöku. Verð 49 millj.



Rjúpufell 25 - 109 Rvk
99,3 fermetra 4ja herbergja íbúð við Rjúpufell. Snyrtileg eign.



Gnoðarvogur - 104 Rvk
Hugguleg 74,9 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð. Búið að endurnýrja gólfefni, eldhús og baðherbergi. Verð 18.2 millj.



Garðsstaðir - 112 Rvk
Fallegt 236,8 m² einbýlishús á einni hæð við Garðsstaði í Reykjavík. Húsið skiptist í 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi og góðar stofur. Mikíð endurnýjuð eign. Lækkað verð.



Hringbraut - 107 Rvk
Sjarmerandi 145,1 fm parhús á þremur hæðum. Sér inngangur, góðar stofur, 3-4 svefnh., gróid umhverfi. Stutt í góða skóla, verslanir og þjónustu



Barðaströnd - 170 Seltjarnarn.
Glæsilegt 239,2 fm raðhús. 5 svefnh. sjónvarpsh., stofa, borðst., eldhús, bað, gestasn, þvottahús og bílskúr. Fallegur garður. Hiti í innkeyrslu. Verð 57,9 millj.
OPIÐ HÚS MIÐVIKUDAG KL 17.30-18



Laugarásvegur - 104 Rvk
Eitt glæsilegasta einbýlishús landsins, 422 fm, á frábærum stað. Húsið er á 2. hæðum m/innb. bílskúr. Stórar stofur, aukin lofthæð, vandaðar innréttingar. Fallegur gróinn garður, verönd með heitum potti.



Leiðhamrar 44 - 112 Rvk
281 fm tvílyft einbýli, 4-5 svefnh. 61 fm innb. bílsk. Sólfallur með pott. Mjög vel staðsett við óbyggð svæði að sjó, Flott útsýni út sundin og að Esjunni.
OPIÐ HÚS Í DAG KL 18-18.30



Brautarland - 108 Rvk.
191,3 fm. vel skipulagt og fallett raðhús á einni hæð með 29,8 fm. bílskúr, á besta stað í Fossvoginum. 4-5 svefnherbergi, yfirbyggð suðurverönd. Fallegur gróinn garður. Einstök eign á frábærum veðursælum stað. Áhv. hagstæt lán.



Brekkestígur - 101 Rvk
Heil húseign í vesturbæ Rvk. Húsið er í slæmu ásigkomulagi og þarfnast verulegar standsetningar. Laust til afhendingar strax. Möguleiki á nýbyggingu á lóðinni. Kaupverð áhvilandi í hagstæðu láni.



Brekkestígur - 101 Rvk
Gamalt og uppgert 139 fm einbýli í miðbæ Reykjavíkur. Mikíð endurnýjað. Eftir að standsetja kjallara. verð 35 millj.



Ljósheimar - 104 Rvk
101.8 fm 4ra herb. íbúð á 1. hæð með sérinngang af svólum. Verð 23.9 millj



Tröllateigur - 270 Mos.
Góð 122,4 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð. Lyftuhús, stæði í bílageymslu. Laus strax. Verð 26.9 millj.



Stakfell.is

535_1000



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINGGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hrólfskálamelur – Seltjarnarnesi – Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju lyftuhúsi. Leitið frekari upplýsinga á skrifstofu.

Aragata



Fallegt 314,4 fm einbýlishús, hæð og kjallari auk rislofts á þessum eftirsóttasta stað. Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. Aðalíbúðin skiptist m.a. í 3 samliggjandi stofur, rúmgott eldhús og 4 herbergi. Full lofthæð er í kjallara. Lóðin er 762,0 fm að stærð. Hægt er að koma fyrir tveimur bílastæðum á lóð. Verð 79,9 millj.

Kringlan – endaraðhús



Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stóru eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. Afgirt og skjólgóð lóð með stóru verönd. Verð 56,9 millj.

Einarsnes



Glæsilegt 160,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á glæsilegum útsýnisstað við óbyggt svæði í Skerjafirðinum. Húsið var nánast endurbýtt fyrir um 20 árum síðan og skiptist m.a. í samliggjandi stofur með útsýni til sjávar og útgangi á svalir til vesturs, 3 herbergi, eldhús, sjónvarpsstofa og 2 baðherbergi. Afgirt og falleg ræktuð 514,0 eignarlóð. Garðhús á lóð. Verð 51,0 millj.

EINBÝLISHÚS TIL LEIGU Í LAUGARDALNUM

Stórglæsilegt u.þ.b. 350 fm. mikið endurnýjað einbýlishús til leigu á frábærum útsýnisstað í Laugardalnum.

Eignin getur verið laus fljótlega og getur leigst með öllum húsgögnum.

Tilvalið fyrir sendiráð. Leigutími 1-2 ár.

Nánari uppl. veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali

SUMARBÚSTAÐALÓÐIR

Tvær eignarlóðir við Mosabraut í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Byggingarhæfar nú þegar.

Nánari upplýsingar á skrifstofu

ELDRÍ BORGARAR



Þoragata – 3ja herb. íbúð.

Björt og vel skipulögð 108,1 fm. íbúð á 2. hæð auk tveggja sér bílastæða í opinni bílageymslu. Íbúðin skiptist í forstofu/hol, eldhús, samliggjandi rúmgóðar stofur, sjónvarpsstofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi. Auðvelt er að útbúa svefnherbergi úr sjónvarpsstofu. Um 20 fm. svalir til suðurs út af stofum með fallegu útsýni til sjávar. Gott aðgengi og lyfta. Húsvörður. Verð 34,9 millj.

SÉRBYLI

Hvannahólmi-Kópavogur



Fallegt og vel skipulagt 262,1 fm. einbýlishús á tveimur hæðum. Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað m.a. eldhúsinnrétting og tæki, baðherbergi, gólfefni, þakkantur o.fl. Stórt opið eldhús, samliggjandi stórar stofur og 6 svefnherbergi. Hús nýlega málað að utan og lóð nýlega endurnýjuð að hluta með skjólgóðri verönd til suðurs. Verð 57,9 millj.

Mariúbaugur.



Glæsilegt 150 fm. endaraðhús að meðt. 30 fm. bílskúr. Eignin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Mikil lofthæð er í eigninni og innfelld lýsing í loftum. 3 rúmgóð herbergi. Björt stofa. Eldhús með góðri borðstöðu. Glæsileg lóð með stóru timburverönd til suðurs og heitum potti.. Leik- og grunnskóli í næsta nágrenni. Verð 49,5 millj.



Melhæð-Garðabæ

Glæsilegt 202,5 fm. einbýlishús á einni hæð á þessum eftirsóttasta stað. Eignin er innréttað á vandaðan og smekklegan hátt. Samliggjandi bjartar stofur, sjónvarpsstofa, og 4 rúmgóð herbergi. Nýtt gler í öllu húsinu og nýjar útihurðar og bílskúrshurð. Ræktuð lóð með miklum veröndum, skjólveggjum og heitum potti. Verð 69,9 millj.

Einilundur- Garðabæ



Stórglæsilegt 324,7 fm. einbýlishús á frábærum útsýnisstað við opið svæði á grónum stað í Garðabæ. Húsið var algjörlega endurnýjað árið 2007 á mjög vandaðan og smekklegan hátt. Allar innréttingar eru sérsníðaðar, hvítar háglans. Vönduð tæki í eldhúsi og í baðherbergjum. Stórt eldhús með arinstofu innaf, setustofa og 8 herbergi. Lóðin er 1.248,0 fm. að stærð.



Sólvallagata.

Fallegt og vel skipulagt 227,1 fm. einbýlishús á þremur hæðum á frábærum stað í Vesturbænum auk 34,8 fm. bílskúrs. Samliggjandi stórar stofur með fallegum rennihurðum á milli. Stórt hol með vinnuástöðu. 4 herb. Fallegur víðarsíti milli hæða. Mögulegt að nýta hluta kjallara sem sér íbúð. Afgirt skjólgóð baklóð með veröndum og heitum potti. Verð 79,0 millj.

4ra til 5 herb

Fálkagata



Falleg og vel skipulögð 99,6 fm á 3. hæð auk íbúðarherbergis í risi með aðgengi að snyrtingu. Nýlegar innréttingar í eldhúsi. Björt stofa með útsýni til sjávar og að Reykjanesi. 3 herbergi. Skjólgóðar svalir til suðurs. Húsið er nýviðgert og málað að utan. Verð 27,9 millj.



Kambasel – 5 herbergja.

Falleg og vel skipulögð 105,2 fm. íbúð á 2. hæð með rúmgóðum svölum til suðurs auk sér geymslu. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Bjartar og rúmgóðar stofur. Sér þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 26,9 millj.



Keilugrandi – 5 herb. íbúð

Mjög góð 114,0 fm íbúð á 4. hæð og í risi. Glæsilegt nýstandsett baðherbergi. Samliggjandi bjartar stofur. Fallegt eldhús með góðri eldunaraðstöðu. Stórt opið rými/sjónvarpsstofa og vinnuástaða í risi. 3 herb.(möguleiki á 4). Íbúðinni fylgir stæði í bílageymslu. Gróin lóð og góð aðstaða fyrir börn. Verð 33,7 millj.



Básbryggja – 4ra herb. með bílskúr.

Falleg 136,6 fm íbúð í litlu fjölbýli í Bryggjuhverfinu auk 20,8 fm. bílskúrs sem innangengt er í. Íbúðin er á tveimur hæðum og með skemmtilegu útsýni yfir stóran sameiginlegan garð. Vestursvalir út af stofu og borðstofu. Opið eldhús með færanlegri eyju. Opið rými/fjólkskyldurými með þakgluggum og 3 rúmgóð herberg. Verð 31,0 millj.



Safamýri.

Góð 76,5 fm. íbúð á jarðhæð að meðt. sér geymslu í göðu þríbýlishúsi á þessum eftirsóttasta stað. Nýleg innrétting í eldhúsi, björt stofa með gluggum í tvær áttir og 2 herbergi. Góð staðsetning innst í botnlanga. Stutt í alla þjónustu og skóla. Verð 21,5 millj.



Hvassaleiti – 4ra herb. m. bílskúr

4ra herb. 96,1 fm. íbúð á 4. hæð auk sér geymslu í kjallara og 20,0 fm. bílskúr. Fallegar ljósar innréttingar í eldhúsi. Björt og rúmgóð stofa með fallegu útsýni til suðurs. 3 herbergi. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Verð 25,9 millj.

3JA HERB.



Mánatún – skipti á 2ja herb. í Mánatúni eða Sóltúni

Falleg og vel skipulögð 97,5 fm íbúð á 2. hæð auk sér geymslu í kj. og sér bílastæðis í lokaðri bílageymslu. Fallegar innréttingar úr mahogny. Björt stofa. Eldhús með góðri borðstöðu. 2 góð herbergi. Svalir til suðvesturs. Lyfta í húsinu og sameign til fyrirmyndar. Verð 30,9 millj.



Hjallabrekka - Kópavogi. 3ja herb. íbúð með séringgangi

Mikið endurnýjuð og vel staðsett 110 fm. íbúð á 2. hæð, íbúð 0202. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með nýrri sprautulakkaðri innréttingu og góðum borðkrók. Þvottaástaða innan íbúðar. Hiti í gólfum að hluta. Sér bílastæði og sér útteigeymsla. Verð 24,9 millj.

Strandvegur-Sjálandi Garðabæ



Vel skipulögð 77,2 fm á jarðhæð með sér verönd og sér stæði í bílageymslu. Rúmgóð stofa, eldhús opið við stofu og 2 rúmgóð herbergi. Úr hjónaherbergi er útgangur á verönd með skjólveggjum. Þvottaherbergi innan íbúðar. Verð 22,9 millj.



Sæviðarsund- laus strax

86,2 fm. 3ja – 4ra herb. íbúð auk 32,4 fm. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað með aukaherbergi/geymslu í kjallara sem hefur aðgang að snyrtingu. Eignin er að mestu upprunaleg og þarfnast viðhalds. Laus til afhendingar strax. Verð 24,4 millj.



Naustabryggja.

Góð 93,7 fm. íbúð á 2. hæð auk 8,1 fm. sér geymslu í göðu fjölbýlishúsi í Bryggjuhverfinu. Allar innréttingar og hurðir eru spónlagðar með mahogny. Eikarparket og flísar á gólfum. Svalir til vesturs út af stofu. Þvottaherbergi innan íbúðar. Sér stæði í bílageymslu. Verð 26,9 millj.

2JA HERB.



Suðurlhvammur-Hafnarfirði

Falleg 69,4 fm. íbúð á jarðhæð í Hvömmunum. Sér garður og hellulögð verönd. Íbúðin skiptist í forstofu, rúmgott svefnherbergi, eldhús, stofu/borðstofu og baðherbergi. Eignin er vel staðsett í göngufæri við skóla og alla þjónustu. Verð 17,3 millj.



Grundarstígur

Falleg og mikið endurnýjuð 53,1 fm íbúð á jarðhæð með séringgangi í Þingholtunum. Sameiginleg veröndin vestan við húsið. Íbúðin er laus 1. sept nk. Verð 15,9 millj.



Öldugata

Mikið endurnýjuð 48,9 fm 2ja herb. íbúð í kjallara með séringgangi. Íbúðin skiptist í stofu/eldhús, 1 svefnherbergi og baðherbergi með sturtu og þvottaástöðu. Geymsla við inngang. Verð 14,0 millj.



Suðurlíði – laus strax.

Vel staðsett 54,8 fm. íbúð á jarðhæð í Suðurlíðunum í göngufæri við Háskólann í Reykjavík. Björt stofa með opnum eldhúskrök, flisalagt baðherbergi og rúmgott svefnherbergi. Lóð hellulögð og sólrík. Góð aðkoma. Verð 14,7 millj.

Sverrir Kristinsson,
framkvæmdastjóri,
lögg. fasteignasaliGuðmundur Sigurjónsson,
lögg. fasteignasaliÞorleifur St. Guðmundsson,
lögg. fasteignasaliKjartan Hallgeirsson,
lögg. fasteignasaliGeir Sigurðsson,
lögg. fasteignasaliHilmar Þór Hafsteinsson,
lögg. leigumálarí,
lögg. fasteignasaliMagnús Geir Pálsson,
sölumáðurÞóririnn M. Friðgeirsson,
lögg. fasteignasaliJóhanna Valdimarsdóttir,
gjaldkeriElin Þorleifsdóttir,
ritari

Heiðargerði 102 - mikið endurnýjað



OPIÐ HÚS

